



FRÉTTABLAÐIÐ



Hávært lófaklapp dundi um Hallgrímskirkju í gærkvöldi á friðartónleikum þar sem fólk sameinaðist til að sýna Úkraínumönnum samhug vegna innrásar Rússa í landið. Úkraínskir og íslenskir listamenn komu fram og fluttu voru ávörp. Rúmar 2 milljónir manna hafa flúið Úkraínu frá innrásinni, þar af hafa 107 sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lögregla fái stórauknar heimildir

Lögregla fær stórauknar eftirlitsheimildir, samkvæmt frumvarpsdrögum. Ráðherra segir núverandi heimildir of takmarkaðar.

adalheidur@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Lögreglu verða veittar stórauknar heimildir til að safna upplýsingum og hafa eftirlit með almenningi og tilteknum einstaklingum í því skyni að koma í veg fyrir afbrot áður en þau eru framin, samkvæmt drögum að frumvarpi dómsmálaráðherra sem nú er til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda.

Markmið þeirra heimilda sem

frumvarpið mælir fyrir um er að koma í veg fyrir landráð og brot gegn æðstu stjórn ríkisins en einnig skipulagða brotastarfsemi og að afstýra annarri ógn við almannaöryggi.

Að sögn Jóns Gunnarssonar dómsmálaráðherra er hann að bregðast við ákalli vegna aukinna umsvifa í skipulagðri brotastarfsemi á Íslandi.

„Heimildir lögreglu eru í dag mjög takmarkaðar, þær miðast við að grunur sé um ákveðið brot. Þannig að þegar upplýsingar koma frá erlendum lögreluyfirvöldum um að hingað sé að koma fólk sem sé undir eftirliti þar, þá eru hendur lögrelunnar hér bundnar. Það sama á við um upplýsingagjöf okkar til



Heimildir lögreglu eru í dag mjög takmarkaðar, þær miðast við að grunur sé um ákveðið brot.



Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra

erlendra yfirvalda,” segir hann.

Meðal eftirlitsheimilda sem lögregla fær verði frumvarpið að lögum er „eftirlit á skilgreindum svæðum þar sem talin er aukin hætta á afbrotum og þar sem lögregla hefur vitneskju eða vísbendingu um að einstaklingar með tengsl við skipulögð brotasamtök komi saman,” að því er segir í greinargerð.

Þá geti hún einnig fylgt tilteknum einstaklingi eftir um lengri tíma og meðal annars tekið af honum bæði myndir og kvikmyndir, í því skyni að koma í veg fyrir brotastarfsemi.

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um fleiri eftirlitsheimildir sem farið er ítarlega yfir á vef Fréttablaðsins í dag og þar er rætt nánar við dómsmálaráðherra um tillögur hans. ■

Telur VG víkja frá grundvallarstefnu

STJÓRN MÁL Ögmundur Jónasson, fyrrverandi dómsmálaráðherra, segir Vinstri græn horfin frá stefnu flokksins um andstöðu við veru Íslands í NATO.

„Ráðherrar í ríkisstjórninni draga hvergi af sér að lýsa yfir „þverpólitískri samstöðu“ með NATO og sýnir Vinstrihreyfingin – grænt framboð þann stuðning jafnt í orði sem á borði þótt enn sjáist þess ekki stað í stefnuskrám,” segir Ögmundur í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag. Horfið sé frá stefnu VG við stofnun flokksins. Þá hafi verið heitið afdráttarlausri andstöðu við veru Íslands í NATO, hvað þá við hernaðaruppyggingu, árásarþotur og setulið í landinu. **SJÁ SIÐU 11**

2-3 DAGA
AFHENDING

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



Snjórinn hefur á sér ýmsar hliðar. Sumar til ama – aðrar til ánægju.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sendu þúsundir kvartana vegna ófærðar á borgina

bth@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Reykjavíkurborg bærust í febrúar 3.500 ábendingar frá íbúum um ófærð í íbúdagötum vegna snjó.

„Það hefur verið erfitt að missa þetta svona í klakann en við erum á fullu eins og við höfum verið,“ segir Hjalti Guðmundsson, skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins hjá Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg moker ekki snjó út í sjó eins og nágrennasveitarfélögin.



Okkur hefur verið sagt að það að moka snjó út í sjó sé svokallað varp í hafið.

Hjalti Stefánsson

„Okkur hefur verið sagt að það að moka snjó út í sjó sé svokallað varp í hafið og geti verið óæskilegt út frá umhverfisáhrifum. Þess vegna erum við með okkar á þurru úti á Geldinganesi, en snjórinn lekur svo þaðan út í sjóinn hvort sem er,“ segir Hjalti.

Helgi Guðjónsson, verkefnisstjóri hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, segist vita að mörg sveitarfélög losi sig við snjó í sjó. Ekki sé um bann í borginni að ræða heldur fremur tilmæli. Snjór sem kunni að vera mengaður megi helst ekki fara í sjó nálægt ósum. Hins vegar henti ágætlega að aka honum í hafnir þar sem botnsvæði sé röskuð fyrir. Það væri til bóta ef sveitarfélögin kæmu sér saman um reglur sem næðu yfir allt höfuðborgarsvæðið. ■

Plebbar í stuði



„Við köllum okkur Plebbana,“ segir Viktor Benóný Benediktsson sem ásamt félag sínum Daniel Frey Steinarssyni brá á leik í göngum undir Reykjanesbraut í Hafnarfirði í gær. Þar hafði vatn flætt yfir bakka Lækjarins og valdið talsverðum vandræðum og jafnvel flætt inn í bílskúra. Viktor og Daniel létu tækifærið ekki fram hjá sér fara og bjuggu sig til vatnsleikja og voru að taka upp myndband fyrir Tik Tok þegar ljósmyndari rakst á þá.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ónæmisbældir streyma inn

arib@frettabladid.is

COVID-19 Staðan á Landspítala er mjög þung vegna Covid-19 faraldursins, samkvæmt upplýsingum frá farsóttarnefnd voru í gær 60 sjúklingar í einangrun með virkt smit. Þar af voru fjórir á gjörgæslu og tveir í öndunarvél. Í fyrradag létust tveir karlmenn með Covid á gjörgæsludeildum. Samkvæmt tölum almannavarna hafa um 3 prósent þjóðarinnar greinst með Covid síðustu fimm daga.

Samkvæmt farsóttarnefnd þurfa hlutfallslega fáir á sjúkrahúsvist að halda í ljósi samfélagslegrar útbreiðslu, þeir sem streymi nú inn séu einstaklingar með ónæmisbælingu, þeir sem hafa alvarlega undirliggjandi sjúkdóma og aldraðir sem þola illa sýkinguna. ■

Afskekkt eyja og sumarhús á Breiðafirði á 35 milljónir

Eyjan Ólafsey á Breiðafirði er til sölu á 35 milljónir króna. Á eyjunni stendur um 45 fermetra hús og gestahús en um 45 mínútur tekur að sigla til eyjunnar frá Stykkishólmi. Eyjurnar í Breiðafirði eru náttúruparadís sem ganga oft kaupum og sölum. Björk átti einu sinni að fá að búa þar leigulaust í þakklætisskyni fyrir starf sitt í þágu þjóðar.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Þetta er ekki fyrsta eyjan sem ég sel. Ég er búinn að selja, á þessum 35 ára ferli mínum, nokkrar eyjar á Breiðafirði en þessi er minni í sniðum,“ segir fasteignasalinn Magnús Leóoldsson sem hefur fengið til sölu Ólafsey á Breiðafirði.

Ásett verð á Ólafsey, sem telur 2,5 hektara, er 35 milljónir króna. Þar er 45 fermetra hús sem er einnig með gestahúsi og geymslu.

Stóru-Tungueyjar, sem Ólafsey tilheyrir, er eyjaklasi utan til á Hvammsfirði nokkuð fyrir innan Röst, breiðasta og dýpsta eyjasundið sem er á milli Breiðasunds og Hvammsfjarðar. Langey er nyrst af Stóru Tungueyjum. Við hana eru tveir hólmar, sá vestari kallaður Stöng en sá austari Reidingshólmi. Nokkru sunnar er Ólafsey. Vestan til við eyjuna er Bjarnarey en hún er syðst af Stóru-Tungueyjum og stutt frá skipaleiðinni þegar farið er inn Hvammsfjörð.

Magnús segir að það taki um 15 mínútur að sigla frá Arnarbæli en um 45 mínútur frá Stykkishólmi. „Þetta er frekar lítil eyja en þessar stóru kosta miklu, miklu meira,“ segir hann.

Árið 2018 fjallaði Fréttablaðið um að nokkrar eyjar á Breiðafirði væru til sölu. Ein þeirra var Arney með



Húsið á eyjunni er 45 fermetrar og hefur fengið gott viðhald alla tíð.

MYND/FASTEIGNAMIBSTÖÐIN



Þetta er frekar lítil eyja en þessar stóru kosta miklu, miklu meira.



Magnús Leóoldsson, fasteignasali

íbúðarhúsi og góðu vatnsbóli en með henni fylgdi hálfeyjan Bildsey auk tíu annarra smáeyja og hólma. Var ásett verð 150 milljónir króna. Þá var Snöksey sem sögd var „fallega gróin eyja með fögru útsýni frá háum hólum yfir söguslóðir elstu Íslendingasagna, með frábæru báta-

lægi, dúntekju og óspilltri náttúru,“ en sú kostaði 32 milljónir króna árið 2018.

Þá sagði Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, í ræðu sinni um aldamótin að Björk Guðmundsdóttir fengi að reisa sér hús á Elliðaey á Breiðafirði og búa þar leigulaust í þakklætisskyni fyrir starf hennar í þágu lands og þjóðar. Björk þáði ekki boðið og er eyjan nú í eigu Stykkishólmsbæjar. Þó gætir enn þess misskilnings að Björk búi þar en erlendur aðdáandi hennar tísti þegar Covid stóð sem hæst að hún vildi vera í einangrun með Björk á eyjunni hennar. Sú birti reyndar mynd af Elliðaey í Vestmannaeyjum og þótt íslenskir aðdáendur reyndu að leiðrétta misskilninginn fékk konan, Sarah McGonagall, um sjó þúsund læk á færsluna sína.

„Það er smá mál að eiga eyju,“ segir Magnús en hann bendir á að húsið sem stendur í Ólafsey hafi alltaf fengið gott viðhald og núverandi eigendur hafi verið mjög sniðugir þegar komi að lausnum varðandi kalt vatn. ■

**NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA**

• Austurströnd 14
• Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Sími: 561 1433
www.bjornsbakari.is



NÝR **iX**

Rafmagnaður



#bornelectric

4 ÁRA ÁBYRGÐ

BMW iX xDrive40 Atelier

Verð: 10.990.000 kr.

Með tveimur öflugum rafmóturum og BMW xDrive rafknúna alhjóladrifinu býður BMW iX upp á framúrskarandi rafmagnsafköst. Með 425 km drægni* er BMW iX xDrive40 tilvalinn fyrir bæði innanbæjarakstur og lengri ferðalög. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu nýjum iX og upplifðu sígild BMW gæði og glæsileika.

TIL AFGREIÐSLU STRAX

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Allar líkur á að tannréttingastyrkur verði loks leiðréttur

bth@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Ég er bjartsýn á að þessi tannréttingastyrkur verði nú hækkaður til móts við vísitölu. Þetta er mikið réttlætismál sem hefur mikið að segja fyrir heimilin en skiptir ríkiskassann ekki miklu máli í stóra samhenginu,“ segir Kristín Heimisdóttir, formaður Tannréttingafélags Íslands.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að styrkur til tannréttinga

barna hefði ekki hækkað í tvo áratugi. Hann væri 100.000 til 150.000 krónur fyrir hvert barn sem þarf að fara í tannréttingar. Styrkurinn hækkar væntanlega í 390.000 krónur samkvæmt vísitöluhækkun að því er Kristín segir að komið hafi fram í samtölum félagsins við heilbrigðisráðherra. Kostnaður ríkisins vegna leiðréttingarinnar er áætlaður um hálfur milljarður króna.

Um 1.800 börn á Íslandi þurfa árlega tannréttingaþjónustu. Kostn-

aður heimila getur numið milljónum. Eini frádrátturinn hefur verið fyrrnefndur styrkur frá Sjúkraþryggingum nema í mjög alvarlegum undantekningartilfellum.

„Ég er þess fullviss að umfjöllun Fréttablaðsins setti þrýsting á ráðamenn að leiðrétta þetta misrétti,“ segir Kristín.

„Við viljum að íslenskt samfélag byggist á því að börnum sé ekki mismunad eftir efnahag. Skakkar tennur eru ekki þeim að kenna.“ ■



Loks hillir undir að áratuga misrétti verði leiðrétt að sögn Kristínar Heimisdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Lekinn stóð yfir í 75 mínútur.

Umfang tjónsins liggur ekki fyrir

arib@frettabladid.is

DÓMSMÁL Ekki liggur fyrir umfang vatnstjóns sem varð á byggingum Háskóla Íslands þegar kaldavatnsæð á Suðurgötu rofnaði í janúar í fyrra og 2.250 tonn af vatni flæddu inn. Veitur hafa viðurkennt mistök.

Fram kemur í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur, móðurfélags Veitna, að HÍ hafi nýverið óskað eftir því við héraðsdóm að dómkvaddir yrðu matsmenn til að framkvæma yfirmat. „Vatns- og fráveita hefur ekki upplýsingar um niðurstöðu undirmatskýrslu og því liggur áætlað umfang tjónsins ekki fyrir að svo stöddu,“ segir í skýrslunni. ■

Kjarnorkuógnin sé enn til staðar

bth@frettabladid.is

ÖRYGGISMÁL „Þegar hótað er að setja tæki í gang sem gætu verið undanfari kjarnorkuárásar sýnir það að ógnin er til staðar,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins og innviðaráðherra, um innrásina í Úkraínu.

Sigurður segir mikilvægi varnarmála hafa verið sett í nýtt samhengi. „Það hefur orðið ákveðið raunveruleikatékk,“ segir ráðherrann. ■

Styrkjakerfi sviðslista sagt glórulaust

Sjálfstætt starfandi sviðslistamenn lýsa yfir óánægju með fyrirkomulag sviðslistasjóðs og kalla á breytingar. Sjálfstæðir leikhópar bera ábyrgð á rúmlega helmingi allra frumsýninga ár hvert en fá aðeins átta prósent af heildarframlagi ríkisins.

tsh@frettabladid.is

MENNING Árleg úthlutun úr Sviðslistasjóði, verkefnasjóði sjálfstætt starfandi sviðslistamanna, fór fram í síðustu viku. Alls bárust 149 umsóknir og var sótt um rúmlega 891 milljón og 1.789 mánuði til listamannalauna. Aðeins 23 sviðslistahópar fengu þó styrk og var 160 milljónum króna úthlutað og 170 mánuðum til listamannalauna auk 20 mánaða til einstaklinga.

Mikil umræða hefur skapast um úthlutunina hjá sjálfstætt starfandi sviðslistamönnum sem margir hverjir eru ekki par sáttir við fyrirkomulag styrkjakerfisins. Eva Rún Snorradóttir, rithöfundur og sviðslistamaður, skrifaði til að mynda á umræðuhóp Sjálfstæðu leikhúsanna á Facebook:

„Þetta kerfi er alveg hel þrotað. Ótrúlegt að það sé bara pláss fyrir örfáa undir sama hatti. Glórulaust alveg. Það hefur verið skýrt og verður skýrara með hverju árinu að það er ekki grundvöllur fyrir fagstarfsvettvang í sviðslistum. Það verður að gjörbreyta þessu kerfi.“

Orri Huginn Ágústsson, formaður Sjálfstæðu leikhúsanna og sviðslistamaður, segir kollega sína hafa krafist breytinga lengi en talað fyrir daufum eyrum ráðamanna.

„Það gætir óánægju með fyrirkomulagið og hefur gert um þó nokkra hrið. Það hefur staðið til að fara ofan í kerfið í ráðuneytinu, það stóð til í ráðherratið Lilju í mennta- og menningarmálaráðu-



Orri Huginn Ágústsson, formaður Sjálfstæðu leikhúsanna og sjálfstætt starfandi sviðslistamaður. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Það gætir óánægju með fyrirkomulagið og hefur gert um þó nokkra hrið.

Orri Huginn Ágústsson, formaður Sjálfstæðu leikhúsanna.

neyti og stendur held ég enn þá til í nýju menningarráðuneyti en er auðvitað svolítið þungt og flókið.“

Að sögn Orra hefur sjálfstæða sviðslistasenan vaxið mikið undanfarið ár en framlög ríkisins endurspeglar þessa grósku þó alls

ekki. Að meðaltali fara einungis átta prósent af heildarframlagi til sviðslista í sjálfstæðar sviðslistir en restin til stofnanaleikhúsa á borð við Þjóðleikhúsið. Þrátt fyrir þetta bera sjálfstæðir sviðslistahópar yfirleitt ábyrgð á um 55-60 prósentum frumsýninga hvers leikars.

Orri segir þetta skjóta skökku við en ítrekar þó að sjálfstætt starfandi sviðslistamenn séu ekki að biðja um það að peningar verði teknir frá Þjóðleikhúsinu og færðir til þeirra. Að sögn hans hafa fagfélögin lengi barist fyrir umbyltingu á íslenska styrkjakerfinu.

„Við þurfum mun öflugri Sviðslistasjóð, sjóð sem er rekinn þá helst að fyrirmynd Kvikmynda-sjóðs og hefur opið fyrir umsóknir allt árið og er burðugri og öflugri að stærð en sjóðurinn er núna,“ segir Orri.

Afleiðing núverandi kerfis sé að

sjálfstætt starfandi sviðslistamenn, sem eiga margir hverjir langan feril að baki, geta ekki helgað sig starfinu og neyðast til að sinna listinni í hjáverkum. Þetta sé enn meira sláandi þegar lítið er til þess mikla fjölda sem starfar við greinina en Sjálfstæðu leikhúsin áætla að á bilinu 7-800 manns starfi við sviðslistir að einhverju ráði.

„En enginn í fullu starfi, eðli málsins samkvæmt, þegar þú getur í besta lagi vonast eftir fjármögnun til þess að styrkja tiltekið verkefni sem tekur til skamms tíma og átt allt þitt undir að sækja þetta umboð einu sinni á ári. Fáirðu það ekki þá þarftu að bíða í heilt ár,“ segir Orri.

Margir líta því löngunaraugum til Norðurlandanna og annarra Evrópulanda þar sem sjálfstæðir sviðslistahópar geta fengið starfsstyrki til allt að fimm ára í senn. ■

Flug úr skorðum vegna stríðsins

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Stríðið í Úkraínu og flugbönn því tengd hafa komið illa niður á flugfélögum og flugumferð í Evrópu. Evrópusambandið og EESlöndin lokuðu lofthelgi sinni fyrir Rússum og Hvít-Rússum í upphafi stríðsins og Bandaríkjamenn skömmu seinna. Rússar svörðu með því að loka sinni lofthelgi fyrir flugvélum þessara landa. Engar vélar eru yfir Úkraínu og nánast engar yfir nágrannaríkinu Moldóvu.

Í gær hætti rússneska flugfélagið Aeroflot öllu millilandaflugi, nema til Hvíta-Rússlands. Það sama á við dótturfélög Aeroflot, Rossíja Airlines og Aurora Airlines, og flugfélagið S7.

Mínst áhrif hefur stríðið á bandarísk flugfélög, en þau þurfa sjaldan að fljúga yfir rússneska loft-



Rússneskar vélar komast á fáa staði þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

helgi. Evrópsk félög hafa hins vegar þurft að lengja leiðir sínar til Asíu, bæði farþega- og birgðaflug.

Hefur bannið haft einna mest áhrif á flug milli Evrópu og Japans. Samkvæmt evrópsku flugsamgöngustofnuninni, Eurocontrol,

hefur leiðin milli Helsinki og Tókýó lengst um 286 mínútur, næstum 5 klukkutíma. Vélarnar fljúga nú suður fyrir átakasvæðið, yfir Kákasus, Kasakstan, Mongólíu og Kína.

Lengri flugleiðir þýða vitaskuld meiri kostnað og herra verð. Ofan á þetta leggst síðan hækkað verð flugvélabensins sem gæti hækkað enn meira fari Vesturlandinn og Rússland í hart í orkustríði.

Þá hafa ýmis evrópsk flugfélög misst út leiðir til Rússlands, svo sem Air France og Finnair. Umsvif ungerska flugfélagsins Wizz Air dróguust saman um 7 prósent á fyrstu viku stríðsins.

Enn verr hafa hins vegar japönsk flugfélög á borð við Nippon Airways og Japan Airlines lent í banninu. Hafa þau fellt niður mörg af sínum flugum til Evrópu eða þá flogið mun lengri leið yfir Kanada, Grænland og Ísland. ■

FRÉTTAVAKTIN
kl. 18.30

Fréttaumfjöllun fyrir alla.
í opinni dagskrá á virkum dögum
á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT

OPIÐ LAUGARDAG FRÁ 11-15

NÝIR OG NOTAÐIR BÍLAR



2022 Volvo XC40 P8
Drægni 425 km **Verð frá 7.490.000**



2022 Volvo C40 AWD
Drægni 441 km **Verð frá 7.690.000**



2018 Chrysler Pacifica Plug-In HYBRID LTD
Verð 5.990.000



Nissan Leaf 62kWh
Tekna með öllu **Verð 4.490.000**



2021 Mitsubishi Outlander Plug-in Hybrid
Spirit 2.4 4WD **Verð 4.990.000**



2021 Hyundai Santa Fe AWD PHEV
Plug-in-Hybrid 4WD. **Verð 7.890.000**



2021 Hyundai IONIQ 5 4WD PREMIUM
73kWh **Verð 7.990.000**



Nissan Leaf 40kWh Tekna
Evrópubíll í fullri ábyrgð **Verð 3.690.000**



2021 Suzuki A-Cross PHEV - Premium 4WD
Evrópubíll í fullri ábyrgð **Verð 6.990.000**



2021 BMW X5 X45e AWD
Verð 11.990.000



2021 Mitsubishi Eclipse Cross Plug-in
Hybrid 2,4 **Verð 4.790.000**



2021 KIA Sorento GT-Line PHEV
7-Manna panorama **Verð 8.690.000**

Skoðum að taka allar tegundir bíla uppí.

Allt að 100% fjármögnun í boði.

Bjóðum okkar viðskiptavinum uppá örugga og áreiðanlega þjónustu

Hefðu átt að einbeita sér að ESB-aðild fyrir

Úkraína hefur sótt um aðild að Evrópusambandinu en það mun reynast flókið mál. Ekki aðeins vegna þess að innrásarher sækir að helstu borgum landsins heldur einnig vegna stöðunnar innan sambandsins.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Innganga Úkraínu í Evrópusambandið er flókið mál, sem hefði átt að vera í forgangi fyrir mörgum árum ef Úkraína ætlaði sér þangað inn, að sögn Hilmarþórs Hilmarssonar, prófessors við viðskipta- og raunfræðideild Háskólans á Akureyri. Eftir að innrás Rússa hófst sóttu stjórnvöld Úkraínu formlega um aðild að Evrópusambandinu en frá 2008 hefur aðild að Atlantshafsbandalaginu verið í forgangi.

„Ég tel síður líklegt að Rússar hefðu gert innrás í Úkraínu út af Evrópusambandsaðild,“ segir Hilmar. Evrópusambandið sé ekki með sameiginlegan her eða lögreglu og ógni öryggishagsmunum Rússa síður.

Í dag er innganga Úkraínu í Evrópu hins vegar ekki einfalt mál, ekki einu sinni ef þar væri friður. Því að Evrópa er efnahagslega löskuð eftir Covid-faraldurinn og Úkraína er stórt og fjölmennt land, með 44 milljónir íbúa.


„Evrusvæðið er með mjög slæma skuldastöðu eftir Covid og það myndi þýða mikla útgjaldaaukningu fyrir Evrópusambandið að fara að byggja upp Úkraínu,“ segir Hilmar. „Mitt mat er að þetta myndi taka mörg ár, hugsanlega áratugi. Jafnvel þó að Úkraína hafi mikla samúð og velvild núna þá er þetta svo stórt land og mikið sem þarf að gera.“

Í faraldrinum skipti meira máli að bjarga lífi og heilsu fólks en að halda rekstri ríkissjóða í jafnvægi. Samkvæmt reglum Evrópusambandsins má skuldahlutfall af vergrí landsframleiðslu ekki fara yfir 60 prósent. Það er 115 prósent í



Selenski forseti undirritaði formlega umsókn um Evrópusambands aðild í upphafi innrásarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Verg landsframleiðsla á mann á föstu verðlagi dollara árið 2017



Frakklandi, 120 á Spáni, 154 á Ítalíu og meira að segja komið yfir 70 í Þýskalandi.

Innan Evrópusambandsins ríkir einnig spenna milli vestur- og austurblokkarinnar. Austrið er fátækara og vill styrki en vestrið

er varla í stakk búð til að veita slíka aðstoð núna. Pólland er með 52 Evrópuþingmenn og Úkraína sem fjölmennara land yrði stærsta landið í austurblokkinni með flesta þingmenn.

Hilmar telur að lönd eins og



„Ég tel síður líklegt að Rússar hefðu gert innrás í Úkraínu út af Evrópusambandsaðild.“



Hilmar Þór Hilmarsson, prófessor við HA



Skuldahlutfall evrusvæðisins er hátt eftir faraldurinn, í mörgum löndum yfir 100 prósent.

Þýskaland yrðu ekki spennt að fá Úkraínu inn með miklu hraði. En þó sé þetta verkefni sem vilji væri til að hefja. Opna þyrfti samninga í 35 köflum og sjá hvað Úkraína þyrfti að gera og hvaða aðlögunartíma landið fengi.

Algjör stöðnun hefur ríkt í Úkraínu undanfarin 30 ár og landið hefur lægri verga landsframleiðslu á mann nú en árið 1991 þegar Sovétríkin féllu. Á sama tíma hefur efnahagur landa eins og Póllands og Lettlands batnað mikið.

Hilmar segir mikilvægast fyrir Úkraínu núna að fá fullan aðgang að sameiginlegum mörkuðum Evrópusambandsins, fá fjárfestingastyrki, aðstoð við að byggja upp opinberar stofnanir og aðstoð við að takast á við spillingu. Þessu er hægt að byrja á fyrir formlega ESB-aðild.

„Úkraína er land þar sem er nánast engin erlend fjárfesting. Það myndi breytast þegar erlendir fjárfestar sæju að landið væri farið að ræða við Evrópusambandið,“ segir Hilmar. Alþjóðastofnanir hafi þekkingu og reynslu af því að takast á við spillingu, til dæmis aðstoðaði Alþjóðabankinn við þetta í Eystrasaltsríkjunum.

Í dag ráði hins vegar óvissan ríkjum í Úkraínu. Enginn veit hversu lengi stríðið varir en ljóst sé að það muni vera mikið högg fyrir efnahag landsins. Orkustríð Vesturveldanna og Rússlands hafi líka slæm áhrif því að Úkraína hafi miklar tekjur af flutningi gass frá Rússlandi til Evrópu. Nú er gas notað sem vopn af Rússum og NATO var algerlega óviðbúið að bregðast við því. ■

SÓL Á TENERIFE & KANARÍ

TENERIFE
14. - 21. MARS - 7 DAGAR
SPRING HOTEL BITACORA 4*

VERÐ FRÁ **140.900 KR**
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN
VERÐ FRÁ 188.500 KR. FYRIR 2 FULLORÐNA

KANARÍ
29. MARS - 11. APRÍL - 13 DAGAR
ABORA BUENAVENTURA 4*

VERÐ FRÁ **157.500 KR**
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN
VERÐ FRÁ 196.500 KR. FYRIR 2 FULLORÐNA

ÚRVAL ÚTSÝN
HLÍÐASMÁRI 19, 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 585-4000
INFO@UU.IS



Rússar standa frammi fyrir verkefnaskorti fyrir gasleiðslur sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Minnka notkun á gasi frá Rússlandi

gar@frettabladid.is

ORKUMÁL Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vill minnka notkun aðildarlanda sinna á gasi frá Rússlandi um tvo þriðju hluta áður en þetta ár er á enda og gera álfuna óháða gasi og olíu frá Rússlandi fyrir árið 2030. Um þessi áform var tilkynnt í gær.

Í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu hefur verið á olíu og gasi hækkað mjög mikið. Bæst þær hækkanir við fyrri verðhækkanir sem orðið höfðu fyrir innrásina.

Áætlun ESB, sem nefnd er REPowerEU, á að fela í sér ódýrari og áreiðanlegri orku fyrir Evrópu og er ætlað að koma til móts við kröfur í loftslagsmálum. Í aðalatriðum snúast áformin um fjölbreyttari leiðir



Áætlun ESB, sem nefnd er REPowerEU, á að fela í sér ódýrari og áreiðanlegri orku.

við kaup á gasi, um að flýta áætlunum um endurnýjanlega orkugjafa og skipta út gasi sem eldsneyti til hitunar og raforkuframleiðslu.

Reyndar hafa lönd Evrópusambandsins á liðnum áratug dregið úr orkukaupum frá Rússum um þriðjung. Verðmæti þeirra viðskipta var 148 milljarðar evra árið 2011 en 99 milljarðar evra á árinu 2021. ■



TÆKIFÆRI TIL AÐ

PANNA SIG

PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA Í MARS

STÓR PIZZA ★ 1.590

PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA • EF ÞÚ SÆKIR

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



■ Skoðun

Helgi Vífill
Júlíusson



Vandi fjölmiðla

Rekstrarvandi fjölmiðla verður einungis leystur með vitundarvakningu á meðal landsmanna. Lausnin er einföld: Það þarf að borga fyrir fréttir. Auk þess ætti bættur rekstur að leiða til betri fréttaflutnings í ljósi þess að miðlarnir hafa þá bolmagn til að fjárfesta meira í efnissköpun.

Þegar Internetið var að slíta barnsskónum vandist fólk á að fréttir væru friar. Afkoma fjölmiðla um heim allan ber með sér að það gengur ekki að stóla einvörðungu á auglýsingasölu.

Það þarf að ráðast að rót vandans. Fá fólk til að átta sig á að fréttir eiga og geta almennt ekki verið ókeypis. Það kostar að afla fréttar og vinna þær. Og í fréttum felast verðmæti. Að minnsta kosti fyrir þá sem kjósa að vera upplýstir og vilja að stjórnvöldum og atvinnulífi sé veitt aðhald.

Sú hugmynd er ekki lengur ráðandi að allt á netinu eigi að vera frítt. Og sé það ekki frítt – eins og til dæmis kvikmyndir og tónlist – sé réttast að stela því.

Nú kaupir stór hópur alls kyns áskriftir og efni á netinu. Má nefna áskriftir að hláðvörpum, fjölmiðlum og streymisveitum. Heimilin telja það ekki eftir sér að kaupa sjónvarpsáskriftir að Netflix og Disney+ eða hljóðbækur af Storytel eða Audible. Heimilismenn kaupa líka tölvuleiki og ýmis smáforrit án þess að velja þá mikið fyrir sér. Það er því vel hægt að snúa til baka til þess tíma að landsmenn voru almennt áskrifendur að fjölmiðlum.

Það er stórt skref fyrir rögróinn fjölmiðil að læsa á efni sitt og bjóða það einungis áskrifendum. Sá möguleiki er fyrir hendi að við það muni tekjur dragast hratt saman. Stöð 2 hefur stígið skrefið. Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar, sagði á Hringbraut að ákvörðunin hefði reynst farsæl. Áskriftartekjur hefðu stóruaust en auglýsingasala dregist saman um tíu prósent.

RÚV gerir það að verkum að enn erfiðara er fyrir einkarekna fjölmiðla að læsa fréttum þegar skattgreiðendur geta gengið að fréttum ríkismiðilsins vísam. Ríkismiðlinn er því hluti af vandamálinu.

Ríkisstuðningur við fjölmiðla er ekki lausn heldur viðheldur hann þeirri talsýn að lesendur þurfi ekki að greiða fyrir þjónustuna. Allar hugmyndir um ríkisstuðning eru liður í því að fría þá landsmenn ábyrgð sem hafa áhuga á fregnum afsamfélaginu en kjósa að greiða ekki fyrir þær. Fréttir geta ekki verið ókeypis og eiga ekki vera það. ■

Bein áhrif á félögin minni háttar

Forstöðumaður hlutabréfastýringar hjá Íslandssjóðum segir að bein áhrif af innrás Rússa í Úkraínu séu enn sem komið er minni háttar en þó séu óbeinu áhrifin meiri. Sjóðsstjóri hjá Stefni segir að ýmis félög hafi verið að lækka sem innrásin hafi ekki bein áhrif á og endurspegli það áhættufælni á markaðnum um þessar mundir.

magdalena@frettabladid.is

Þorsteinn Andri Haraldsson, sjóðstjóri hjá sjóðastýringarfyrtækinu Stefni, segir að hækkan á hrávöruverði í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu muni koma til með að hafa áhrif á mörg fyrirtæki í Kauphöllinni.

„Heilt yfir hafa verið lækkanir á gott sem öllum félögum í Kauphöllinni þó að það sé vissulega mismunandi eftir félögum og geirum,“ segir Þorsteinn og bætir við að flugfélögin hafi meðal annars verið að lækka sökum þess hversu mikið olíuverð hefur hækkað undanfarið.

„Hækkun olíuverðs hefur einnig áhrif á sóknarkostnað hjá sjávarútvegssfélagum og þá hafa þau átt í viðskiptum í Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Á móti hefur afurðaverð verið að hækka talsvert og krónan veikst sem mun að öðru óbreyttu koma til móts við áhrifin af hærri sóknarkostnaði.“

Mogens Gunnar Mogensen, forstöðumaður hlutabréfastýringar hjá Íslandssjóðum, segir að búast megi við áframhaldandi sveiflum og óvissu á mörkuðum á meðan lausn sé ekki í sjónmáli. „Íslenski hlutabréfamarkaðurinn mun leita leiðsagnar í því sem er að gerast á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum. Bein áhrif á félögin í Kauphöllinni eru enn sem komið er minni háttar og takmarkast helst við þann hluta af frystum uppsjávarafurðum hjá Sildarvinnslunni og Brimi sem seldur er til Úkraínu og Hvíta-Rússlands,“ segir Mogens og bætir við að Marel hafi óverulega sölustarfsemi í Rússlandi og Úkraínu sem hafi ekki áhrif á fjárhagsstöðu félagsins.

„Óbeinu áhrifin eru hins vegar nokkru meiri vegna hækkandi olíuverðs og innfluttrar verðbólgu vegna hrávöruverðshækkana. Beinast þau einna helst að þeim félögum sem eru stórir notendur á olíu eins og flugfélögum og sjávarútvegssfélagum, þrátt fyrir að önnur félög muni líka finna fyrir kostnaðarhækkunum sem geta haft neikvæð áhrif á framlegð þeirra til skemmri tíma.“

Þorsteinn segir að ýmis félög hafi verið að lækka sem innrásin hefur ekki bein áhrif á og endurspegli mögulega áhættufælni á markaðinum um þessar mundir.

„Bankarnir og fjarskiptafélögin hafa til að mynda verið að lækka talsvert þrátt fyrir að verða fyrir takmörkuðum beinum áhrifum af stríðinu. Við fylgjum oft en ekki þeirri þróun á mörkuðum sem verður erlendis en fjármálastofnanir í Evrópu hafa verið að



Bein áhrif af innrás Rússa í Úkraínu eru sögð vera minni háttar en búast má við einhverjum óbeinum áhrifum.

FRÉTTABLAÐID/SIGTYRGGUR ARI

Verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði hafi hækkað

Valdimar Ármann, forstöðumaður eignastýringar hjá Arctica Finance, segir að verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði hafi hækkað töluvert frá innrás Rússa í Úkraínu.

„Það er ljóst að innrásin hefur þær afleiðingar að hrávöruverð hefur hækkað og mun að öllum líkindum halda áfram að hækka. Ekki er bara verið að horfa á hækkanir á olíu og gasi heldur hefðbundnum neysluvörum og matvælum. Rússland og Úkraína eru útflytjendur á áburði sem er notaður af stórum hluta heimsins og flytja löndin einnig út mikið korn,“ segir Valdimar og bætir við að ekki megi gleyma að Rússland flytur út mikið af gasi og olíu sem enginn sé að kaupa núna. „Við erum að sjá mestu hækkun til skamms tíma á þessum markaði sem sést hefur í tugi ára. Það mun leiða inn í íslenska verðbólgu. Minnkun á viðskiptum og öðru slíku mun gera það að verkum að hagvöxtur eða hagvaxtarspár í heiminum eru að lækka. Það getur leitt til þess að staða seðlabanka verði ansi snúin með að hækka vexti til að bregðast við verðbólgu ofan í hagkerfi sem eru ekki að skila miklum hagvexti.“



Sérfræðingar segja að búast megi við áframhaldandi sveiflum og óvissu á mörkuðum.

lækka talsvert meðal annars vegna áhyggja markaðsaðila af mögulegri mótaðilaáhættu gagnvart Rússlandi og Úkraínu. Við eigum hins vegar ekki von á sambærilegum áhrifum á íslensku bankana og eins eru þeir með talsvert sterkari og auðskiljanlegri efnahagsreikninga en gengur og gerist í Evrópu.“

Mogens segir að þrátt fyrir töluverða óvissu í alþjóðlegum efnahagsmálum standi íslenska hagkerfið sterkt þar sem fjárhagsstaða heimila, fyrirtækja og bankakerfis sé almennt mjög sterk.

„Þá hefur fjárhagsstaða fyrirtækjanna í Kauphöllinni líklega sjaldan verið sterkari eftir gott rekstrarár á árinu 2021 og benda útgefna horfur fyrirtækjanna fyrir árið 2022 til að reksturinn verði vel viðunandi þrátt fyrir krefjandi aðstæður. Fyrir liggur að félögin í Kauphöllinni hyggjast í mars og apríl greiða hluthöfum sínum, að fengnu samþykki aðalfunda félaganna, arðgreiðslur sem munu í heild nema ríflega 62 milljörðum króna. Þetta gæti virkað sem vítamínsprautu fyrir markaðinn að því gefnu að stærri fjárfestar endurfjáfesti arðinum eins og raunin hefur verið.“

Þorsteinn segir að það sé það mikil óvissa um framhaldið að horfa þurfi í ástandið dag fyrir dag. „Það er mikið flókt á mörkuðum um þessar mundir en markaðir í Evrópu lækkuðu til að mynda umtalsvert á mánuðagsmorgun en sneru við eftir því sem leið á daginn. Þá verður forvitnilegt að fylgjast með hvaða áhrif þetta mun



Mogens Gunnar Mogensen, forstöðumaður hlutabréfastýringar hjá Íslandssjóðum



Þorsteinn Andri Haraldsson, sjóðsstjóri hjá sjóðastýringarfyrtækinu Stefni

hafa á viðbrögð seðlabanka heimsins sem flestir voru farnir að búa sig undir eða þegar farnir að hækka vexti til að ná böndum á verðbólgu. Stríðið mun óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á heimshagkerfið í gegnum hækkun matvæla- og hrávöruverðs. Viðbrögð erlendra markaða eru að minnsta kosti á þann veg að seðlabankar muni ekki hækka vexti jafn hratt og mikið og áður var búist við.“

Mogens bætir við að mörg félögin í Kauphöllinni stefni á endurkaup á eigin bréfum, sem í heild geti numið mörgum tugum milljarða, og muni það skila töluverðum fjármunum til hluthafa á komandi misserum.

„Það ætti að hafa jákvæð áhrif á markaðinn þar sem verðlagning á markaðnum er heilt yfir hagstæð miðað við vaxtastig og ekki er ólíklegt að fjárfestar líti á lækkanir að undanförunu sem kaupþækifæri þegar draga tekur úr óvissunni. Enda nokkuð um að fjárfestar hafi beðið með fjármuni á hliðarlínunni eftir miklar hækkanir á síðasta ári.“ ■

MARKAÐURINN



Markaðurinn Miðvikudaga kl. 19.00.

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf í umsjón blaðamanna Markaðarins þar sem farið er yfir helstu fréttir ásamt öðru því sem hæst ber í efnahagslífinu hverju sinni.



HRINGBRAUT

Reynsluboltar úr leikjajöðnaði fá fé til að þróa leik

Vísisjóðurinn Brunnur Ventures hefur fjárfest fyrir tæplega 300 milljónir í Arctic Theory. Eru að búa til tölvuleik í samfélagsheimum. Vilja fjölga starfsmönnum úr átta í 20 í ár. Stofnendurnir hafa unnið við tölvuleikjagerð 15-25 ár.

helgivifill@frettabladid.is

Tölvuleikjafyrirtækið Arctic Theory hefur fengið 260 milljóna króna fjármögnun frá vísisjóðnum Brunnur Ventures. „Við stofnendurnir fjórir höfum reynslu af því að vinna að uppbyggingu tölvuleikja, allt frá hugmynd þar til hann er farinn að skila hagnaði,“ segir Gísli Konráðsson, sem er einn stofnenda Arctic Theory og fer fyrir skapandi hluta þess (e. creative director).

„Hver okkar hefur starfað við tölvuleikjagerð í 15-25 ár. Segja má að CCP sé rauður þráður sem tengir okkur saman. Við höfum starfað erlendis og komum með þekkingu til Íslands,“ segir hann.

Gísli vann til dæmis í fimm ár í Sjanghæ bæði fyrir CCP og fyrir íslensk-kínverska tölvuleikjaframleiðandann Directive Games ásamt því að hafa unnið stutt verkefni í tengslum við tölvuleikinn Fortnite fyrir Epic Games.

Aðrir stofnendur eru Matthías Guðmundsson, sem var einn stofnenda Directive Games og hefur komið að nokkrum íslenskum leikjafyrirtækjum síðustu ár svo sem Parity Games og 1939 Games, Snorri Sturluson sem vann til dæmis að tölvuleiknum Sims fyrir EA og Jón Bjarni Bjarnason sem var meðal annars tæknistjóri hjá CCP Games og vann við Eve Online.

„Hugmyndin að baki fyrirtækinu er að það eru miklar breytingar í far-

”

Við höfum starfað erlendis og komum með þekkingu til Íslands.

vatninu þegar kemur að stafrænum samfélögum. Fjölsþilunar-tölvuleikir svo sem Minecraft og Fortnite hafa síðustu ár sprengt utan af sér tölvuleikjarammann og hafa lagt grunn fyrir nýja tegund af samfélagsheimum (e. metaverse).

Gömlu samfélagsmiðlarnir, eins og Facebook, berjast í bókum við að halda í notendur og reyna að laga sig að þessum nýja heimi með misjöfnum árangri. Við munum nýta okkar reynslu af því að búa til fjölspilunartölvuleiki til að vera leiðandi í þróun samfélagsheima og viljum breyta viðteknum hugmyndum um hvað samfélagsmiðlar eru. Þetta er markaður sem enn er í mótun og því eru þar mikil tækifæri,“ segir Gísli.

Á seinni hluta næsta árs mun Arctic Theory gefa út sinn fyrsta leik sem innblásinn er af íslenskri náttúru. „Auðmýkt gagnvart veðrinu mun eiga stóran þátt í upplifuninni af leiknum. Spilarar munu nema land í erfiðu landslagi þar sem náttúruöflin láta finna fyrir sér. Spilarar vinna saman við að byggja innviði svo sem vegi og brýr til þess að vinna sig lengra inn í landið með það fyrir augum að geta búið í sátt og samlyndi við náttúruna. Þeir munu sækja hráefni frá



„Það getur verið hættulegt að loka sig af í þrjú, fjögur ár og gefa svo út tölvuleik án þess að hafa fengið viðbrögð frá mögulegum spilurum,“ segir Gísli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Slegist um starfsfólk

Starfsmenn eru átta. Gísli vonast til að þeir verði 20 við lok árs. „Það er slegist um starfsfólk. Við þurfum framúrskarandi starfsfólk ef við ætlum að standast stærstu fyrirtækjum í heimi snúning. Við höfum líka farið þá leið að gefa ungu fólk með ferska sýn tækifæri en það er þá undir handleiðslu okkar sem reyndari erum,“ segir hann.

umhverfinu, svo sem tré, málma og ýmis önnur efni sem eru svo notuð til að byggja innviðina, flutnings-tæki og verkfæri sem hægt er að nota til að móta heiminn eftir höfði hvers og eins. Þar sem leikurinn er lifandi samfélagsheimur þurfa leikmenn að gæta þess að ganga ekki of nærri náttúruauðlindunum svo þær klárast ekki,“ segir hann.

Í lok þessa árs er þó stefnt að því að gefa út einfaldari útgáfu af leiknum í því skyni að fá viðbrögð frá tölvuleikjaspilurum. „Það getur verið hættulegt að loka sig af í þrjú, fjögur ár og gefa svo út tölvuleik án þess að hafa fengið viðbrögð frá mögulegum spilurum,“ segir Gísli. Leikurinn kemur fyrst út fyrir PC-tölvur og síðar fyrir aðrar leikjatölvur.

Aðspurður um fjármögnun segir Gísli að stofnendurnir hafi lagt fyrirtækinu til fé í upphafi. „Það gaf okkur tækifæri á að átta okkur á hvar tækifærin lægju fyrir hóp með okkar starfsreynslu,“ segir Gísli.

Á síðasta ári fékk Arctic Theory styrk frá Tæknipróunarsjóði til að þróa hermunartæknina GenOS. Tæknin opnar fyrir möguleika á land- og veðurfræðilegum breytingum í fjöldaspilunumhverfi í rauntíma af áður óþekktri stærð. „GenOS-tæknin er sérstök að því leyti að hún er hönnuð fyrir upplifanir í samfélagsheimum. Þrátt fyrir að samfélagsheimar séu stafrænir þá þurfa reglur að vera til staðar til að gera heiminn lifandi. Til dæmis ef hópur notenda ákveður að höggva tré í skógi þá mun GenOS gæta þess að ný tré vaxi í staðinn,“ segir hann. ■

Auðséð að fjölga þurfi alþjóðlegum námsbrautum í Reykjavíkurborg

helgivifill@frettabladid.is

Forsendur þess að erlendir sérfræðingar geti hugsað sér að búa og starfa hérlendis hljóta að vera fjölmargar. Borgin þarf að vera samkeppnishæf við erlendar borgir, hér þarf að vera lifandi húsnæðismarkaður, fjölbreyttar greiðar samgöngur, iðandi menningarlíf og traust leikskólalápnusta. Ekki síst þurfa grunnskólarnir að vera fjölbreyttir og framúrskarandi fyrir öll börn í borginni. Þetta segir Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Viðskiptaráð sagði í umsögn um drög að atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 að mikilvægt sé að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga til landsins. Það þurfi að vera álitlegt fyrir erlenda sérfræðinga að flytjast til borgarinnar og starfa því sökum smæðar landsins geti reynst torvelt að byggja upp sterkan hugvitsgeira án þeirra.

Hildur segir að einkaframtakið í borginni hafi helst svarað eftirspurn eftir alþjóðlegum námsbrautum og mikilvægt sé að stöðja betur við sjálfstætt starfandi skólana. „Það er auðséð að fjölga þarf alþjóðlegum



Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

námsbrautum en það má gera bæði innan borgarrekinnna skóla en fyrst og fremst með stuðningi við þá sjálfstætt starfandi,“ segir hún.

Að hennar sögn þurfi Reykjavíkurborg að vera aðdráttarafi fyrir innlent sem erlent hæfileikafólk enda þurfi að fjölga vinnandi höndum hérlendis samhliða hækkingu lífaldri. „Það felast mörg spennandi tækifæri í því að gera Reykjavíkurborg að áhugaverðum áfangastað fyrir erlenda sérfræðinga. Borgin þarf að einbeita sér að sinni kjarnastarfsemi en eftirláta einkaaðilum allan samkeppnisrekstur. Tryggja þarf frjóan jarðveg fyrir þá sem vilja sækja fram og huga að alþjóðlegri

samkeppnishæfni borgarinnar.”

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, vísinda-, nýsköpunar- og iðnaðar-ráðherra, hefur sagt við Markaðinn að eitt af forgangsmálum í ráðuneyti hennar sé að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga. Tillögur eigi að vera klárar í vor en verkefnið þurfi að vinna í samstarfi við félags- og dómsmálaráðuneytið. Maki þurfi til dæmis að geta tekið þátt í íslensku samfélagi og börn að geta gengið í alþjóðlega skóla.

Skúli Helgason, formaður skóla- og fristundaráðs, vísaði á embættismann þegar hann var inntur eftir viðbrögðum við umsögn Viðskiptaráðs. ■

RAFMÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Lögregluríki



Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Í frumvarpsdrögum sem dómsmálaráðherra kynnr nú fyrir almenningi eru lögreglu veittar víðtækar heimildir til að fylgjast með fólki sem ekki er grunað um glæpi um ýmist lengri eða skemmri tíma, taka af því myndir og kvikmyndir og safna um það upplýsingum úr ýmsum áttum.

Ekki er hægt að skilja frumvarpið öðruvísi en að upplýsingum úr eftirlitskerfum, af samfélagsmiðlum, frá uppljóstrum og almennum borgurum verði safnað í miðlægan gagnagrunn auk persónuupplýsinga fólks sem lögregla getur aflað hjá stjórnvöldum og stofnunum í því skyni að koma í veg fyrir að það fremji landráð eða aðra glæpi gegn stjórnskipan ríkisins.

Þeir sem eru í mestri hættu á að sæta þessu fyrirhugaða eftirliti lögreglu eru grunaðir hryðjuverkamenn, fólk sem lögregla telur hættulegt vegna þess að það adhyllist „öfgakennda hugmyndafræði“ og fólk sem talið er líklegt til skipulagðrar brotastarfsemi.

Ólíkt því sem við eigum að venjast er ekki miðað við að þetta fyrirhugaða eftirlit fari fram í þágu rannsóknar á brotum sem hafa verið framin heldur vegna mögulegra brota sem kunni að verða framin í framtíðinni.

Þótt vissulega sé það göfugt markmið að koma í veg fyrir glæpi vita flestir sem hafa kynnt sér muninn á lögregluríkjum og réttarríkjum að hættan á misnotkun víðtækra rannsóknarheimilda gagnvart saklausu fólki er mikil. Hryðjuverkamenn gætu sprottið upp eins og gorkúlur og mikil fjölgun orðið í helstu glæpaklíkum landsins. Þess vegna er eins gott að eftirlit með notkun lögreglunnar á þessum nýju njósnaúrræðum sé ekki síður umfangsmikið.

Þar virðist frumvarp dómsmálaráðherra því miður bregðast. Eftirlitsnefnd lögreglu er vissulega kölluð til leiks í frumvarpinu. Hún fær hins vegar engar upplýsingar um eftirlitið nema lögreglan upplýsi hana sjálf og það ber ekki að gera nema eftirlitinu hafi verið hætt og komið hafi í ljós að enginn glæpur var í bígerð. Engin tímamörk virðast heldur á því hve lengi eftirlit með einstaklingi megi vara.

Einstaklingarnir sjálfir fá í fæstum tilvikum vitneskju um upplýsingaöflun og eftirlit lögreglu með þeim. Berist eftirlitsnefndinni upplýsingar yfir höfuð getur hún aðeins gert borgaranum viðvart hafi hún sjálf komist að þeirri niðurstöðu að lögreglan hafi brotið lög eða njósnað um viðkomandi að ósekju.

Fréttablaðið fjallaði fyrst um þessi áform dómsmálaráðherra í desember síðastliðnum. Þá virtust borgararnir hafa meiri áhyggjur af heimsfaraldri. Nú þegar ljóst er í hvaða átt ráðherra stefnir, verðum við að taka umræðuna. ■

”
Flestir sem hafa kynnt sér muninn á löggluríkjum og réttarríkjum um vita að hættan á misnotkun víðtækra rannsóknarheimilda gagnvart saklausu fólki er mikil.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

Leiðinleg kosningabaráttu

Útlit er fyrir leiðinlega kosningabaráttu fyrir borgarstjórnarkosningar í vor. Kosningabaráttan fyrir fjórum árum var algjör veisla, enda nóg af rugluðullum í framboði. Þar voru tveir nasistaflokkar, tveir kommúnistaflokkar, tveir Framsóknarflokkar, kvenna-flokkur og karlaflokkur. Þetta var góð skemmtun og enn þá betra að sjá hvað þeir fengu lítið upp úr kjörkössunum. Andstæðingar bólusetninga hafa verið háværir en þar sem faraldurinn er að renna sitt skeið nennir það lítið ekki í framboð. Ekkert nýtt framboð er í sjónmáli. Þá eru tveir öfgafyllstu flokkarnir í borgarstjórn, Miðflokkur og Sósíalísta-flokkur, laskaðir og litlir í sér eftir rasskellingu í alþingiskosningum. Sama sett verður í framboði fyrir meirihlutaflokkana, lítið fútt er í oddvitaslag Sjálfstæðisflokksins og Framsókn er tæpast að fara að hrista upp í kosningabaráttunni. Getur Ríkisútvarpið því ekki búist við miklu áhorfi á leiðtogaumræður sínar.

Super Holu Bros

Það að keyra bíl í höfuðborginni minnr nú helst á Super Mario. Þurfa ökumenn nú að stökkva yfir gil, hoppa ofan á sveppi og vara sig á skjaldbököm ef þeir ætla ekki að missa líf. Allt höfuðborgarsvæðið er í tjóni, sveitarstjórnarmönnum sem ætla ekki að verða að eilífu kenndir við holur til mikils léttis. ■

Þjóðaröryggi Íslands og stríðið í Úkraínu



Þórunn Sveinbjarnardóttir
þingkona Samfylkingarinnar

Innrás Rússlands í Úkraínu er tilraun Pútíns til að snúa við gangi sögunnar þrjátíu árum eftir að Sovétríkin fellu. Takist honum ætlunarverk sitt mun það hafa langvarandi áhrif á öryggishagsmuni Evrópuríkja. Ísland er þar ekki undanskilið. Mörg okkar héldum að innrásarstríð á þröskuldi Vestur-Evrópu heyrðu sögunni til. Engum heilvita manni dytti slíkt í hug, hvað þá að hótta notkun kjarnorkuvopna. En nú horfumst við í augu við einar mestu hörmungar í álfunni frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar og tæplega tvær milljónir manna hafa lagt á flotta.

Þjóðaröryggisstefna Íslands byggir á nokkrum jafngildum þáttum. Hún tekur til hnattrænna, samfélagslegra og hernaðarlegra þátta. Aðild að NATO er lykilstoð í stefnunni og vörnum landsins en þátttaka Íslands, sem herlausrar þjóðar, í samstarfi á þeim vettvangi er á borgaralegum forsendum. Nú mun reyna á okkur líkt og aðrar aðildarþjóðir NATO í andstöðunni við innrásarstríð Pútíns. Þar skiptir miklu að ríki hafi úthald í mestu efnahags- og viðskiptaþvinganir sem gripið hefur verið til. Þær munu líka bíta viðskiptahagsmuni okkar en þær fórnir eru hjóm eitt við hliðina á þeim sem íbúar Úkraínu og rússneskur almenningur þarf að þola.

Vægi Norðurskautsráðsins hefur vaxið mjög á þessari öld. Þar hafa ríki lagt áherslu á fríðsamleg samskipti á norðurslóðum. Rússland tók við formennsku af Íslandi vorið 2021 og mun væntanlega gegna henni til 2023. Hin aðildarríkin sjö hljóta að hugsa sinn gang á þessum mikilvæga vettvangi næstu misserin í ljósi innrásarinnar í Úkraínu.

Að lokum skal ítrekað að hagsmunir Íslands eiga sem aldrei fyrr samleið með Evrópusambandinu og augljóst að huga þarf fljótlega að því að endursenda umsóknarbréfið sem utanríkisráðherra undirritaði í júlí 2009 og hefja aðildarviðræður á ný. Ísland á heima í Evrópu í nánú samstarfi við vinnuþjóðir okkar hvort heldur er í Atlantshafsbandalaginu eða í Evrópusambandinu. ■

”
Vægi Norðurskautsráðsins hefur vaxið mjög á þessari öld.

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Ísland í NATO og her um kjurt?



Ógmundur Jónsson
fyrirverandi ráðherra og alþingismaður fyrir Vinstrihreyfinguna – grænt framboð

Farið er að ræða það í alvöru að því er best verður skilið að Ísland verði tengt hernaðarbandalaginu NATO enn sterkari böndum en verið hefur og að í landinu verði jafnvel her með fasta viðveru. Þótti mörgum nóg um þá hernaðaruppbyggingu sem þegar hafði verið heimilud af hálfu íslenskra stjórnvalda en nú skal enn bætt í svo um munar. Og sem táknrænan gjörning í tengslum við innrás Rússa í Úkraínu er svo að skilja að svokallað loft-rýmiseftirlit flugherja NATO-rikja frá íslenskum flugvöllum hafi verið aukið og þá væntanlega í þeim tilgangi að sýna hernaðarbandalagið hnykla vöðvana.

Ráðherrar í ríkisstjórninni draga hvergi af sér að lýsa yfir „þverpólískri samstöðu“ með NATO og sýnir Vinstrihreyfingin – grænt framboð þann stuðning jafnt í orði sem á borði þótt enn sjáist þess ekki stað í stefnuskrám. Veruleikinn birtist í verkunum. Nóg um það að sinni að öðru leyti en því að benda á að hér er í reynd verið að hverfa frá grundvallar stefnumarkmiði Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs frá stofnun flokksins en

þá var heitið afdráttarlausri andstöðu við veru Íslands í hernaðarbandalaginu NATO, hvað þá við hernaðaruppbyggingu á Íslandi, árársþotur og setulið í landinu.

Stigmögnun víbúnaðar

Við höfum nú fengið það staðfest eina ferðina enn á óhugnanlegan hátt hvað það þýðir að búa í heimi þar sem vopnin ráða: þar sem fólk er talin trú um að því öflugri manndrápstæki til staðar þeim mun meira öryggi á þeim stað. Ef þetta er svona þá hljótum við að taka því vel þegar „okkar lið“ fjárfestir í enn fleiri sprengjum og enn öflugri eldflaugum enda markmiðið að sögn að tryggja frið og öryggi.

Sama gerist svo hjá „óvinaliðinu“. Og eftir að allir hafa gert sitt besta til að verja sig og sína með fleiri vopnum verður til það sem í kalda stríðinu var kallað „ógnarjafnvægi“. Nema að staðreyndin er sú að aldrei mun verða til það jafnvægi sem sóst var eftir því breyskir eru þeir menn sem hafa putta sína á gikkjunum. Sennilega eru það einmitt þeir menn sem sist er á treystandi sem þar koma nærri.

Ráð öldunga

Þess vegna hafa þeir sameinast, hvor í sínu lagi, öldungarnir Henry Kissinger og Michael Gorbachov, að beina því til kjarnorkuvelda heimsins og þá ekki sist sinna eigin heimalanda, Bandaríkjanna og Rússlands, þar sem þeir höfðu verið í aðalhlutverkum, að leggja öll kjarnorkuvopn til hliðar, afmá þau með öllu.

Meint ógnarjafnvægi gerir svo meira en að lást tryggja öryggi okkar. Það gerir okkur ofurseld þeim sem slíkt öryggi veita; ofurseld handhöfum vopnanna.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi ætti von okkar að vera sú að almenningur í Rússlandi rísi upp, hinn almenni Rússi, hermaðurinn á vígvellinum, fólkið á götunni. Fréttir berast að örla á slíkum hræringum.

Vildu ekki vinna fólki mein

Þannig var Víetnam stríðið stöðvað, Bandaríkin töpuðu í Víetnam þegar almenningur reis upp og hermennirnir vildu ekki lengur berjast. „Veistu af hverju hætt var að segja frá mannfalli í Víetnam stríðinu?“ spurði bandarískur hermaður þegar við vöktum saman í svefnklefa í næturlest frá London til Edinborgar um 1970. Ég hlustaði alla nóttina, hann talaði og var mikið niðri fyrir. „Það var vegna þess að þegar við förum vígbúnir út í leiðangra til að drepa fólk þá hugsuðum við það eitt að halda lífi, földum okkur og lugum síðan til um hve marga við hefðum fellt. Þetta var ekki okkar stríð. Við vildum ekki vinna þessu fólki mein.“

Hagsmunir hernaðar

Það er hernaðarhyggjan sem þarf að vikja, það þarf að kveðja vopnin. Við þurfum að minnst orða Dwights Eisenhower, hershöfðingjans úr seinna stríði sem varð forseti Bandaríkjanna. Hann kvaddi þjóð sína að loknum for-

setaferli sínum með orðum á þessa leið: Valdastofnanir samfélagsins þurfa að vera á verði gagnvart ásælni vopnaðnaðar og hernaðarhagsmuna. Vald sem þaðan sprettur getur leitt til hrikalegra hörmunga og minnumst þess að áhrifin frá þessum öflum eru til staðar og verða til staðar.

Varla er að undra að nú skuli berast fréttir af störfeldri hækkun á hlutabréfum í hergagnaiðnaði.

Árásarflugvélar á Íslandi án umræðu

Þróunin er ógnvænleg og hefur hún fengið allt of litla gagnrýna umfjöllun á síðustu tímum. Það var sem slökkt væri á allri slíkri umræðu þegar tvíburaturnarnir í New York voru sprengdir í byrjun þessarar aldar. Öll gagnrýni á hernaðarhyggju og baráttuna við hryðjuverk var gerð tortryggileg.

Og til Íslands hefur þessi þöggun teygst anga sína og er nú svo komið sem áður segir að her er nánast umræðulaust farinn að hreiðra um sig á Íslandi, meðal annars með árásarflugvélum sem bera kjarnorkuvopn. Og á Alþingi er hernaðarhyggja NATO dásómuð. Sú sama hyggja og hefur átt þátt í að leida okkur út á þá bjargbrún sem við stöndum á nú eftir innrás Rússa í Úkraínu.

Sígild krafa og skynsamleg

Sú var tíðin að heimurinn, almenningur og flest ef ekki öll ríki heims, óttuðust kjarnorkuvopn í alvöru og höguðu sér samkvæmt því. Slökun



Hér er í reynd verið að hverfa frá grundvallar stefnumarkmiði Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs frá stofnun flokksins en þá var heitið afdráttarlausri andstöðu við veru Íslands í hernaðarbandalaginu NATO.

á spennu var mál mállanna og í kjölfarið takmörkun vígbúnaðar. Sá tími virðist vera liðinn.

Ráð væri að ganga í smíðju manna á borð við Eisenhower, jafnvel Kissinger og Gorbatsjov og miklu fleiri sem lagst hafa gegn falskenningum ógnarjafnvægisins og tala nú máli afvopnunar.

Á Íslandi ættum við að sýna fordæmi, bæga öllum hernaðartólum frá landinu undir gamalli kröfu en að mínu mati sigildri: Ísland úr NATO, herinn burt! ■

Er enginn áhugi á leiklistinni?



Þórarinn Stefánsson
formaður Hugleiks

Í nóvember 2019 var Leikfélagið Hugleikur að gera það sem því fer best: Að frumsýna nýjan söngleik eftir einn af félögum sínum, Þórunni Guðmundsdóttur, sem auk handrits samdi bæði tónlist og söngtexta. Söngleikurinn Gestgangur var sérlega metnaðarfull uppsetning, með þrjátíu leikurum og hljóðfæraleikurum auk einvala tækniliðs.

Flytjendur voru á öllum aldri og kynjadreifing jöfn, sumir að stíga sín fyrstu skref á leiksviði og aðrir með áratuga reynslu. Sýnt var fyrir fullu húsi, enda frábær blanda gleði og sorgar, með söng, dansi og húmor að hætti Hugleiks. Mikill hugur var í félaginu og spennandi verkefni fram undan. Um svipað leyti fór hins vegar að bera á áður óþekktri veiki í Wuhan í Kína.

Leikfélagið Hugleikur hefur verið starfandi í nærri 38 ár og hefur þá sérstöðu að vera eina íslenska leikfélagið sem einungis setur á svið frumsamin verk eigin félaga. Það hefur frumsýnt hátt í 50 leikrit í fullri lengd, gjarnan með söngvum, auk rúmlega 180 frumsaminnu stuttverka.

Hjá Hugleik hafa fjölmargir sem síðar gerðust atvinnumenn í menningu og listum tekið sín fyrstu skref; leikarar, leikstjórar, höfundar og tónlistarmenn. Félagið hefur verið fastur þáttur í menningarlífi höfuðborgarinnar og hlaut 2006 sérstaka viðurkenningu fyrir stuðning við íslenska tungu.

Á tímum samkomutakmarkana sýndi félagið útsjónarsemi við að halda starfinu gangandi; leiklistar-

námskeið með sóttvarnagrímum og nálægðartakmörkunum, námskeið að hluta með fjarfundasniði og stuttverkadagskrár leiknar fyrir handfylli áhorfenda í sal og með netstreymi. Óneitanlega tapaðist vindur úr seglum í ástandinu, en félagið er nú að ná (sviðs)vopnum sínum á ný.

Hugleikur hefur notið stuðnings frá Reykjavíkurborg, þótt hann hafi farið smám saman lækkandi. Þannig var samanlagður styrkur síðastliðinna tveggja ára innan við helmingur af því sem hann var árin 2004-2005 miðað við verðlagsþróun. Í fyrra var styrkurinn raunar lægri en það sem félagið greiddi í fasteignagjöld og lóðarleigu til borgarinnar.

Í byrjun þessa árs var félaginu tilkynnt að umsóknum þess um menningarstyrki frá Reykjavíkurborg hefði verið hafnað. Þar með virðist ljóst að Hugleikur geti ekki lengur rekið æfinga- og geymsluhúsnæði félagsins og þar með lamist í raun starf félagsins.

Svipaða sögu virðist vera að segja í nágrennasveitarfélögum, áhugaleikfélög eru að missa þann stuðning sem þeim er nauðsyn og eru í kröggum eftir mögum ár.

Það er hins vegar ekki ljóst hvað á að koma í stað þess grasrótastarfs sem leikfélögin sinna og er í orði kveðnu ein af megináherslum þeirrar menningarstefnu sem Reykjavíkurborg hefur mótað – að allir íbúar fái jöfn tækifæri til þess að njóta lista og menningar, bæði sem þátttakendur í listsköpun og sem neytendur lista. Þar eru fáir sem í raun veita eins greiðan aðgang að þátttöku og íslensk áhugaleikfélög hafa gert. Leiklistin hefur sýnt sig að vera áhugamál sem myndar samfélag.

Leikfélagið Hugleikur skorar á Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög að láta ekki áhugaleiklistina deyja út vegna áhugaleysis, heldur hlúa að henni – nú þegar hún þarf mest á stuðningi að halda. ■



Markaðsstofa
Kópavogs



Íslandsbanki

Morgunfundur Markaðsstofu Kópavogs og Íslandsbanka.

Efnahagshorfur 2022 til 2024

Markaðsstofa Kópavogs og Íslandsbanki bjóða forsvarsmönnum fyrirtækja í Kópavogi til morgunfundar.



10. mars



8:30 til 9:30



Útibú Íslandsbanka. Hagasmára 3,
1. hæð í Norðurturni Smáralindar.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhaf fræðingur Íslandsbanka og Bergþóra Baldursdóttir, hagfræðingur í Greiningu Íslandsbanka fara yfir nýja þjóðhagsspá fyrir árin 2022-2024, svara spurningum og ræða við gesti.

Boðið verður upp á léttan morgunverð.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku með tölvupósti.



markadsstofa@kopavogur.is



Ástkær móðir okkar, systir, amma, langamma og langalangamma,
Jónína Jónsdóttir Ward
Hávallagötu 40,

lést föstudaginn 4. mars
á hjúkrunarheimilinu Grund.
Útför verður auglýst síðar.

Júliana Gísladóttir, Jón Gíslason, Júlíus Atli Hálfánarson
og Nína Lea Z. Jónsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru foreldra,
Gyða Eiríksdóttir og Meinerts Jóhannesar Nilsen
aður Borgarvegi 11, Ytri-Njarðvík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og starfsfólks Nesvalla fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Erna Nilsen Unnar Mår Magnússon
Júlianna María Nilsen
Gyða Minný Nilsen Sigfús K. Magnússon
Eiríkur Arnar Nilsen



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
Ágúst Bjarnason
húsasmiðameistari,

lést á heimili sínu 24. febrúar.
Útför fer fram í Lindakirkju
föstudaginn 11. mars kl. 13.00.

Auður Ottadóttir
Otti Ágústsson
Bjarni Ágústsson
Aron Ágústsson Karen Björk Pétursdóttir
og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,
Friðbjófur Þórarinnsson
Goðabraut 22, Dalvík,

lést á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík, mánudaginn 28. febrúar.
Útför hans fer fram frá Dalvíkurkirkju
fimmtudaginn 10. mars klukkan 14.

Þorsteinn Friðbjófsen Harpa Sigfúsdóttir
Björn Friðbjófsen Helga Nielsdóttir
Ingibjörg Þórarinnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls elskaðs eiginmanns, föður, tengdafaður og afa okkar,
Pál Ólafssonar
Suðurlandsbraut 62, 108 Reykjavík.

lést á Suðurlandsbraut 62, 108 Reykjavík.

Þuríður Guðjónsdóttir
Ólafur Steinn Pálsson Marcia Elaine Walker
Helga Rún Pálsdóttir Alfreð Sturla Böðvarsson
Matthías Geir Pálsson Berglind Laufey Ingadóttir
og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Jóna Friða Leifsdóttir
Nanna

lést sunnudaginn 6. mars
á Hrafnistu, Hafnarfirði.
Útförin mun fara fram í kyrrþey.

Birgir Guðmannsson
Guðmann Bragi Birgisson Anna Lilja Magnúsdóttir
Árný Björk Birgisdóttir
Ásta Katrín, Tyrtingur, Fjóra Ósk, Sigurrós Arey,
Birgir Óli, Lára Hlín, Ýmir og Ylfur.

Samtal tónskálda yfir þrjár aldir

Sif Margrét Tulinius flytur allar fiðlusónötur Bach í Landakotskirkju ásamt nýjum einleiksverkum eftir þrjú íslensk tónskáld. Hún lýsir tónleikaröðinni sem samtali tónskálda í gegnum aldirnar.

tsh@frettabladid.is

Fiðluleikarinn Sif Margrét Tulinius stendur fyrir tónleikaröðinni Bach og nútíminn í Landakotskirkju þar sem hún flytur fiðlusónötur Johanns Sebastians Bach ásamt því að frumflytja þrjú íslensk einleiksverk fyrir fiðlu eftir tónskáldin Huga Guðmundsson, Hjálmar H. Ragnarsson og Viktor Orra Arnason.

Fyrstu tónleikar þrileiksins fóru fram í nóvember í fyrra en frestun varð vegna faraldursins og munu seinni tvennir tónleikarnir fara fram í Landakotskirkju 15. og 29. mars næstkomandi.

„Árið 2020 fæðist þessi hugmynd í tengslum við það að 300 ár voru frá því að Johann Sebastian Bach skrifaði einleiksverk sín fyrir fiðlu. Þá langaði mig að varpa ljósi á þessi stórbrotnu meistaraverk Bachs í samhengi við allan sköpunarkraftinn í nýrri tónlist og ekki síst það sem tónskáld í dag eru að gera,“ segir Sif Margrét.

Einleikssónötur Johanns Sebastians Bach voru skrifaðar árið 1720, fyrir rúmum 300 árum, og sýna yfirburða færni tónskáldsins og ekki síst gríðarlega þekkingu á hljóðfærinu. Verkin tróna enn þann dag í dag á toppi einleiksverka sem samin hafa verið fyrir fiðluna.

„Þess vegna var hugmyndin að biðja þessi íslensku tónskáld að skrifa einleiksverk fyrir fiðlu, alveg eins og hann gerði. Það er bara fiðla og akústík, engin



Sif Margrét segir það hafa verið mjög gefandi upplifun að vinna með tónskáldunum þremur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

elektróník. Þetta er bara flytjandinn, fiðlan, strengirnir, sköpunarverkið og sköpunarkrafturinn. Alveg eins og hjá Bach fyrir 300 árum,“ segir Sif Margrét.

Tónverkin þrjú eftir íslensku tónskáldin sem samin voru sérstaklega fyrir Sif Margréti eru af mismunandi gerð og karakter en öll frekar stór í sniðum og bera sterk einkenni hvers tónskálds. Heimur fiðlunnar er kannaður til hins ítrasta og gerðar eru miklar kröfur til hljóðfærleikarans hvað varðar tæknilega útfærslu og hugmyndaauði.

„Fyrir mig sem flytjanda þá er þetta algjörlega að raungerast, þetta samtal á milli tónskálda með þrjú hundruð ára millibili,“ segir Sif Margrét.

Tónverk Hjálmars H. Ragnarssonar nefnist Partíta, tónverk Viktors Orra

Arnasonar Dark Gravity og verk Huga Guðmundssonar Praesentia. Spurð um hvernig tónskáldin hafi tekið boðinu um að skrifa fyrir hana verk segir Sif Margrét:

„Þeir tóku því mjög vel og þetta fór allt á fleygiferð og var alls ekki lengi að gerast. Nema náttúrlega að flutningurinn á því hefur frestast út af faraldrinum.“

Að sögn Sifjar var það mjög gefandi upplifun að vinna með öllum tónskáldunum og segir hún samstarfið við Landakotskirkju að sama skapi hafa verið mjög farsælt og kveðst ánægð með að fá að flytja verkin í svo fallettri og hljómfagurri kirkju.

Tónleikarnir fara fram í Landakotskirkju þriðjudagskvöldin 15. og 29. mars kl. 20.00 og fer miðasala fram á Tix.is. ■



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Guðrún Gunnarsdóttir
Herjólfsstötu 40, Hafnarfirði,

lést 5. mars sl. á Hrafnistu í Hafnarfirði.
Útför hennar fer fram frá Viðistaðakirkju,
þriðjudaginn 15. mars kl. 13.

Gunnar Þór Hólmsteinsson
Jón Sigurðsson Hilmar H. Eiríksson
Lilja G. Gunnarsdóttir Gunnar Örn Jónsson
Alexandra Guðrún Jónsdóttir Gunnar Þór Hilmarsson
Guðrún Lilja Hilmarsdóttir



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Elisabet Magnúsdóttir
Lizzý

lést 2. mars sl. á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 11. mars nk. kl. 15.00.

Haukur Frimannsson
Halldór Ó. Zoëga Dagný Ó. Zoëga
Þorsteinn Hauksson Helgi Björn
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur sonur minn, bróðir og frændi,
Miroslav Stanojev
Leifsgötu 25, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 6. mars. Útförin fer fram í Bænhúsinu í Fossvogi fimmtudaginn 17. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á vefsíðu til stuðnings Krabbameinsféluginu.

Sigfríður Margrét Vilhjálmssdóttir
Sóley Erla Stanojev
Bóris Jóhann Stanojev
Þórólfr Vilhjálmsson
Vaka Björt Sóleyjardóttir
Jakob Smári Jóhannsson
Jasmin Lára Jóhannsdóttir
Freyja Rún Jóhannsdóttir



Ástkær móðir okkar,
Ingvaldur Guðmundsdóttir
hárgreiðslumeistari,
frá Sæbóli í Aðalvík,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum þann 28. febrúar. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 10. mars kl. 13. Athöfninni verður streymt á streyma.is.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Áttahagafélags Sléttuhrepps.

Hafsteinn Hafsteinsson
Guðmundur Lúther Hafsteinsson
Þorbjörg Hafsteinsdóttir
Margrét Rögn Hafsteinsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Sveinn Matthíasson
Sléttuvegi 27, Reykjavík,

lést á Dvalarheimilinu Hrafnistu þann 1. mars. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 22. mars kl. 15.00.

Marin Ingibjörg Guðveigsdóttir
Guðlaugur Birkir Sveinsson Friðbjörg Kristmundsdóttir
Matthías Sveinsson Dagmar Stefánsdóttir
Þórhallur Sveinsson Ásta Rut Sigurðardóttir
Sigurborg Sveinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyrningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 9. mars 2022

Guli miðinn VÍTAMÍN

Bætir, viðheldur og ver
heilsu fjölskyldunnar.

Fæst í apótekum
og stórmörkuðum
um allt land.



SÉRISLENSKAR AÐSTÆÐUR

ÁN ÓÆSKILEGRA
AUKAEFNA

STRANGAR
GÆÐAKRÖFUR

ENDURVINNANLEGAR
UMBÚÐIR

gulimidinn.is



gæði á góðu verði



Krummarnir eins og karlar

Áhugaljósmyndarinn Elva Hrönn Guðbjartsdóttir elskar hrafna og hraðskreiða bíla. Hún er kölluð vorboðinn af mörgum þegar hún mætir á stefnumót í krúvarp eða kvartmílu með Nikon sínum. **2**

Elva Hrönn Guðbjartsdóttir kemur til dyranna eins og hún er klædd, en segir myndavélina veita sér öryggistilfinningu.



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

„Ég segi oft að krummi sé eins og karlarnir; þeir koma alltaf aftur þangað sem er gott að borða,“ segir Elva Hrönn Guðbjartsdóttir og skellihlær.

Elva er áhugaljósmyndari sem hefur náð stórkostlegum myndum af fuglum, hestum og fleiri dýrum, en líka bílum og móturfákum.

„Ég elska hraða og allt sem fer hratt, eins og bíla í kvartmilu og mótorsporti, en á sama hátt nýt ég þess að fara ein með sjálfri mér út í kyrrð náttúrunnar og taka myndir af fuglum. Þolinmæði er reyndar ekki ein af mínum vöggugjöfum en furðulegt nokk þá finnst mér ótrúlega heilandi að sitja tímunum saman og taka myndir af kriunni. Það er svo sannarlega þolinmæðisvinna sem fylgir mikil slökun, og hreint mögnuð upplifun að fylgjast með því hvernig krian hagar sér í tilhugalífínu og með ungana sína. Við erum stundum á sama stað að taka myndir, ég og annar karl sem hefur gaman af fuglum, og þegar ég mæti með myndavélina segir hann jafnan: „Núnú, er vorboðinn kominn?“ og þá er það ég. Það sama á sér stað í sambandi við bílana og bílasportið, og mér finnst bara sætt og hef bara gaman af því að vera kölluð vorboðinn,“ segir Elva og hlær að öllu saman.

Skömmuð fyrir bílamyndirnar

Elva fékk myndavéladellu þegar hún sleit barnsskónum í Laugarnesinu.

„Þá átti ég gamaldags Kodak-myndavél með flasskubbum og tók myndir af vinkonum mínum í afmælum, kökum og blöðrum. Þegar ég var rétt komin af unglingsaldri fór ég á djammíð á Hótel Íslandi og tók myndir af því sem fyrir augu bar, framkallaði allt saman og á fullt af albúnum með fólki sem ég tók myndir af að skemmta sér á níunda áratugnum,“ segir Elva um spennandi heimildir úr skemmtanalífi landsmanna.

Hún er sjálfmenntuð í ljósmyndun og með einstakt auga fyrir myndefni.

„Eins og ég er frökk að edlisfari býr með mér ööryggi yfir því að geta ekki lært ljósmyndun á við aðra, og það kom í veg fyrir að ég ihugaði ljósmyndanám á sínum tíma. Mér fannst ég ekki eiga erindi. Ég er óskaplega næm og nota gjarnan þriðja augað við myndatökurnar. Ég sé annað en aðrir sjá og það sést oft á myndunum mínum, eins og af augum hrossa sem eru djúpir speglar sálarinnar. Líka þegar ég byrjaði að taka myndir af bílum. Þá var ég skömmuð fyrir að taka myndir af afturenda bíla, í gegnum hliðarglugga þeirra eða spegla, og strákarnir sögðu mig þá taka asnalegar bílamyndir, en nú eru allir farnir að taka þannig myndir í dag.“

Í vinfengi við kriurnar

Elva segist eins og kamelljón sem skiptir um ham eftir því hvernig landið liggur hverju sinni.

„Ég get sett mig í hvers kyns aðstæður og stellingar og geri það, enda tek ég myndavél, fugla og bíla fram yfir flest annað til skemmtunar. Að fara út til að taka myndir gerir mig frjálsta og ég finn fyrir öryggistilfinningu að vera með myndavélina á mér. Sumir nota aðrar hækjur, eins og til dæmis að fara út að reykja, en myndavélin er mér til halds og trausts. Hún fyllir mig öryggi því þá hef ég eitthvað fyrir stafni. Því fer ég á deit með Nikon-vélinni minni og það er mín heilun og líkamsrækt; það skerpir bæði einbeitingu og hugann.“

Helsta áhugamál Elvu með Nikon eru krummar og bílar, en hægt er að skoða fádæma flottar bílamyndir hennar á Facebook-síð-



Elva nýtur þess að fara á stefnumót með Nikon-myndavélinni sem hún segir hina bestu líkamsrækt, heilun og slökun.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Krummi er í sérstöku dálæti hjá Elvu sem hefur auga fyrir fallegum pörum.



Á veturna tekur Elva stundum myndir af álftum og hér náði hún eftirsóknarverðu hjarta hjá ástföngnu svanspari.

77 Eins og ég er frökk að edlisfari býr í mér ööryggi sem kom í veg fyrir að ég ihugaði ljósmyndanám á sínum tíma. Mér fannst ég ekki eiga erindi.

Elva Hrönn Guðbjartsdóttir

unni, Bilaljósmyndir Elvu Hrannar.

„Í upphafi var krummi númer eitt, tvö og þrjú, enda elska ég krumma. Hrafnar eru dyntóttir en maður getur vanið þá til sín og þegar ég átti heima í Efra-Breiðholti vandi ég einn til mín á pallinn á aðeins viku og hann kom alltaf á sama tíma að fá sér lifrarpylsu. Síðan heillaði krian mig, þegar ég fylgdist með henni gefa ungunum sínum og hvernig ungarir þekktu móður sína langar leiðir þegar hún kom til þeirra með matinn,“ segir Elva sem hefur tekið myndir af varptíma kria undanfarin ár, þegar þær maka sig, búa til hreiður og koma ungum sínum á legg.

„Krian er árásgjörn en hún hefur aldrei ráðist á mig. Svo settist maður við hlið mér til að spjalla nærri kriunum og ein krian sveif

að og skeit á hann, en ekki mig. Hún virtist þekka mig og líta á mig sem vinveitta þótt ég væri vopnuð myndavélinni,“ segir Elva og hlær dátt að minningunni.

Harðneskjulegt augnablik

Í mestu dálæti hjá Elvu sjálfri er mynd sem hún tók af fyrsta barnabarninu sínu.

„Á meðgöngu var föstrið kallað tásluálfurinn og þegar drengur fæddist tók ég myndir af táslu hans þar sem mamma hans myndaði hjarta með höndunum,“ segir Elva sem stundum er beðin um að taka myndir af óléttum konum og börnum, líka veisluhöldum, brúðkaupum og afmælum.

„Ég á erfitt með að gera upp á milli kriú- og krummamyndanna. Krian er montin af sjálfri sér og þegar vatnsflöturinn er spegilslettur má sjá hana sýna listir sínar og spegla sig í vatninu. Hún er hörð af sér, hefur óviðjafnanlega flugfimi, er sneggri en hinir fuglarnir og getur flogið á bakinu með hausinn niður en magann upp. Það er strembið að ná góðum myndum af kriúm því þær eru snarar í snúníngum og getur ein góð mynd tekið marga klukkutíma. Þannig mæti ég stundum í kriúvarpið að morgni og tek strætó heim klukkan sex að kvöldi, með fullt af myndum en þó



Mávur, nýbúinn að veiða sér galandi kriúunga í gogginn.



ekki margar sem standa upp úr.“

Elva náði magnaðri mynd af máv sem veiddi sér kriúunga í gogginn og má sjá hér á síðunni.

„Það var harðneskjulegt augnablik og þótt þetta sé gangur lífsins og náttúrunnar varð það samt helvíti hart. Ég var nýbúin að taka myndir af unganum sem beið mömmu sinnar með æti en svo stakk helvítis mávurinn sér niður, greip ungan í gogginn og á eftir flaug mamman og stakk mávinn í bakið. Mikið sjónarspil og lífsbarátta,“ segir Elva og víst er að myndefnið er stórbrotið.

„Mér þykir alltaf jafn gaman að fara á deit með Nikon og fanga jafnt fugla og flotta bíla. Ég er svo mikil mamma og amma í mér, og sækist því kannski mest í að taka myndir af fuglum með unga smá. Það hefur hins vegar verið lítið um að vera í bílasportinu vegna Covid undanfarin tvö ár en hver veit nema það komi með vorboðanum mér?“ glensar Elva kát. ■

Elva segir gaman að fylgjast með hégómagirni kria sem gjarnan spegli sig í stilltum vatnsfleti og njóti þess að dást að fimi sinni og flugsnilli í spegluninni.
FUGLAMYNDIR/
ELVA HRÖNN GUÐBJARTSDÓTTIR

Bílablaðið

9. MARS 2022



Ekki leiðum að líkjast

Stutt er síðan Volvo XC40 Recharge kom á markað og nú er komin kúpulaga útgáfa hans sem kallast einfaldlega C40. Þessi bíll á margt sameiginlegt með Polestar 2 og er aðeins til í einni útfærslu eins og er. **6**

MYND/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON



Bílasafnið á Breiðdalsvík opnar sýningu um Pétur í Vatnskoti með gömlu mótörhjóli úr hans eigu. **10**



Volkswagen Multivan er margt til lista lagt og kemur nú á sama undirvagni og litli bróðir VW Golf. **8**



Maxus Euniq 6 rafbíllinn var kynntur í Noregi í síðustu viku og fyrstu eintökin koma brátt til landsins. **2**

ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða pontun@olis.is.

Vinur við veginn



Austral byggir á nýju útliti Renault sem kemur í Megane E-Tech.

MYND/RENAULT

Renault Austral tekur við af Kadjar

njall@frettabladid.is

Renault hefur frumsýnt Austral-jepplinginn sem mun taka við af Kadjar og keppa við bíla eins og Peugeot 3008 og Toyota RAV4. Sala á honum mun hefjast seint á þessu ári en bíllinn verður smíðaður í Valencia á Spáni. Austral-jepplingurinn er smíðaður á CMF-C undirvagninum sem þýðir að hann hefur meiri tvinnatækni.

Renault Austral er 4.510 mm á lengd, 1.830 mm á breidd og 1.620 mm á hæð svo að hann er mjög svipaður að stærð og Kadjar. Að innan er alveg ný hönnun á ferðinni

með Open-R öikumannsrými og Android Automotive-upplýsingakerfi á 12 tommu snertiskjá. Einnig verður hægt að fá Alpine-útgáfu af bílnum með sportlegri innréttingu og útliti á 20 tommu felgum.

Allur vélbúnaður verður að einhverju leyti rafdrifinn þó að tengiltvinnútgáfa sé ekki í boði. E-Tech útgáfan verður með 1,2 lítra, þriggja strokka vél með forþjöppu ásamt 67 hestafla rafmótor. Tvær aflútfærslur verða í boði, 197 og 158 hestafla og sjálfskiptingin er sjö þrepa. Einnig verða mildari tvinnútgáfur með 1,3 lítra vél sem skilar allt að 158 hestöflum. ■



Stutt er síðan Sony frumsýndi Vision-S hugmyndabíllinn en það var annar tilraunabíll tæknirísans.

MYND/SONY

Honda og Sony brátt í eina sæng

njall@frettabladid.is

Honda bílaframleiðandinn og tæknirísinn Sony ætla að stofna saman nýtt fyrirtæki með áherslu á rafdrifin ökutæki, segir í frétt frá Automotive News. Er ætlað að nýja fyrirtækið hefji sölu farartækja strax árið 2025.

Mun Honda koma með sérfræðipækkingu sína í smíði yfirbygginga og þjónustu við viðskiptavinum sína meðan að Sony einbeitt sér að tæknihlutunum. Honda mun sjá

um framleiðsluhlutann og framleiða fyrsta rafbíllinn í verksmiðju sinni, en undirvagn þessa bíls verður hannaður af Sony. Sony sýndi nýlega annan rafdrifna tilraunabíl sinn á tæknisýningunni í Las Vegas í byrjun árs, um leið og Sony stofnadi sér fyrirtæki, Sony Mobility, sem sjá mun um bíla-tæknihluta fyrirtækisins. Honda er annar stærsti framleiðandi bíla í Japan og tók nýlega þá ákvörðun að hætta sölu bíla með brunahreyflum fyrir 2040. ■



Maxus Euniq 6 er rúmgóður rafbíll með jepplingslagi sem væntanlegur er á markað á Íslandi eftir fáeinar vikur.

MYNDIR/NJALL GUNNLAUGSSON

Maxus Euniq 6 rafbíllinn er væntanlegur með vorinu

Maxus-afbílamerkið hefur komið inn af krafti að undanfögnu og þá sérstaklega í flokki rafdrifinna sendibíla.

njall@frettabladid.is

Maxus kynnti svo í vikunni nýjan Euniq 6 rafjeppling í Noregi en honum er ætlað að fara á markað í Norður-Evrópu. Maxus-merkið er farið að hasla sér völl og selur nú í allri Skandinavíu, auk Íslands og Póllands. Maxus er í eigu SAIC sem einnig á MG og hefur þegar selt yfir 2.000 rafbíla í Noregi. Merkið er sterkt í rafdrifnum sendibílum og hefur þegar sent frá sér tvær gerðir rafdrifinna sendibíla sem hafa fengið góðar viðtökur.

Maxus Euniq 6 er millistærðarjepplingur í svipuðum stærðarflokki og MG ZS EV en hann er 4.735 mm langur og 1.860 mm breiður. Hjólhafið er 2.760 mm og farangursrýmið heilir 754 lítrar. Einnig er veghæðin góð miðað við rafjeppling en hún er 190 mm. Hann verður í boði framhjóladrifinn með 178 hestafla rafmótor sem skilar 310 Nm togi og í kringum 400 km drægi.

Bíllinn kostar frá 5.570.000 kr. í Noregi og mun ekki verða mikið dýrari héraendis að sögn Úlfars Hinrikssonar, framkvæmdarstjóra Suzuki, en Vatt ehf. sem flytur inn Maxus er dótturfélag Suzuki bíla ehf. Maxus Euniq 6 verður kynntur á Íslandi í apríl.



Maxus E-T90 verður líklega fyrst rafdrifni pallbíllinn til að koma á markað héraendis þegar hann kemur um áramótin næstu.

» Maxus Euniq 6 er í millistærðarflokki blendingsbíla og verður í boði framdrifinn með 178 hestafla rafmótor með 310 Nm togi.

Margt spennandi er á þrjónunum hjá Maxus á næstu tveimur árum. Í desember kemur á markað E-T90 rafpallbíll frá Maxus með 88,5 kWst rafhlöðu. Hann mun hafa yfir 400 km drægi en kemur ekki með fjórhjóladrifi fyrr en árið 2024. Næsta stærð sendibíls frá Maxus er e-Deliver 6 sem kemur haustið 2023 og svo ný kynslóð e-Deliver 3 haustið 2024. Einnig er von á nýjum undirvagni frá Maxus í haust sem kallast MIFA en fyrsti bíllinn til að nota hann verður Maxus 9 fjölnotabíllinn. ■

Úkraínustríðið farið að hafa mikil áhrif á bílaframleiðslu

njall@frettabladid.is

Þýskaland hefur orðið einna harðast úti vegna náinna viðskiptatengsla sinna við Rússland og Úkraínu. Meðal þeirra fyrirtækja í Þýskalandi sem hafa orðið fyrir skorti íhluta eru Volkswagen, Audi, Porsche og BMW sem hafa hingað til fengið víra í rafkerfi sumra bíla sinna frá Úkraínu. Áhrifanna gætir víða en einnig er orðinn skortur á neongasi sem notað er við framleiðslu tölvukubba. Palladium er notað í hvarfakúta og Þýskaland hefur hingað til flutt inn fimmtung þess

» Margir bílaframleiðendur glíma nú við íhlutaskort vegna Úkraínustríðsins og er ekki á bætandi eftir lokanir verksmiðja vegna heimsfaraldursins undanfarnin tvö ár.



Bílaframleiðsla í Þýskalandi hefur orðið fyrir skakkaföllum vegna stríðsreksturs Rússa og sérstaklega hjá merkjum VW Group.

MYND/GETTY

frá Rússlandi. Sama má segja um nikkell sem notað er í framleiðslu bílarafhlada.

Á móti kemur að þýskir bílaframleiðendur fluttu út um 40.000 bíla til Rússlands og Úkraínu á síðasta ári, en tekið hefur verið fyrir útflutning þangað í bili. Einnig framleiddu þýsk merki 170.000 bíla í Rússlandi fyrir heima-markaðinn, en flestar verksmiðjur þeirra í Rússlandi eru nú lokaðar. Meðal annarra framleiðenda sem hafa hætt framleiðslu í Rússlandi eru Toyota og Ford, en Nissan og Volvo hafa hætt bílasendingum til Rússlands. ■

Verðlaunagripur.

Kia EV6 er bíll ársins 2022.



Movement that inspires



Bíll ársins í Evrópu 2022 er Kia EV6. Þessi magnaði bíll heldur áfram að hlaða á sig verðlaunum. „Car of the year“ verðlaunin eru klárlega þau stærstu og virtustu í Evrópu og því mikill heiður fyrir Kia. EV6 rafbíllinn gefur svo sannarlega fögur fyrirheit um það sem koma skal frá Kia í nánustu framtíð.

Komdu og reynsluaktu nýjum Kia EV6.
Við tökum vel á móti þér.



Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

 Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

Renault með vetnisknúinn tilraunabíl og Renault 5 mun leysa Zoe af hólmi

njall@frettabladid.is

Renault hefur sent frá sér myndir af nýjum tilraunabíl sem frumsýndur verður í maí á þessu ári. Mun billinn verða vetnisknúinn og framleiðslubíll í framtíðinni, að sögn forstjóra Renault, Luca de Meo. Myndin sýnir bíl með þunnum aðalljósum, en dagljósum sem ná langt niður á stuðara sem bendir til þess að um jeppling sé að ræða.

Luca de Meo tilkynnti einnig á sama tíma að CMF-EV rafbíla-undirvagninn sem kemur í nýjum Megane E-Tech, verði einnig notaður fyrir næstu kynslóð Scenic-fjölnotabílsins. Renault 4 hefur einnig fengið grænt ljós en hann



Nýi tilraunabíllinn verður einn af 27 nýjum módelum Renault sem koma fyrir árið 2025. MYND/RENAULT

notar sama undirvagn og Renault 5 sem kemur 2024, og leysir þá Renault Zoe af hólmi. Loks mun ný kynslóð Dacia Spring rafbílsins vera á leiðinni með nýjum og minni CMF-A undirvagni. ■



Fisker Ocean gæti komið sterkur inn á íslenska markaðinn ef verð á honum verður svipað og annars staðar í Evrópu. MYND/FISKER

Fisker frumsýndi grunnútgáfu Ocean rafjepplingsins fyrir Evrópumarkað

njall@frettabladid.is

Rafbílaframleiðandinn Fiskers frumsýndi Evrópuútgáfu Ocean-rafjepplingsins á Mobile-ráðstefnunni í Barcelona í dag. Um leið var tilkynnt hvaða verð yrði á grunnútgáfunni, sem er 275 hestafla bíll með 440 km drægi.

Mun hann kosta frá 5.950.000 krónum í Bretlandi og á Spáni. Öflugasta útgáfa Fisker Ocean er með fjórhjóladrifi og er sam-

tals 550 hestöfl, en Hyper Range rafhlaðan gefur honum 630 km drægi. Ekki hefur verið gefið upp hvað sú útgáfa mun kosta í Evrópu. Fisker áætla að afhenda fyrstu eintök bílsins í völdum löndum í Evrópu og Skandinavíu í nóvember á þessu ári. Settar verða upp þjónustumiðstöðvar í hverju landi sem munu sjá um ábyrgðarmál. Íslenskir aðilar eru í viðræðum við Fisker um sölu á bílnum hérlandis. ■

Genesis GV60 rafbíllinn verður seldur í Evrópu með Drift Mode stillingu

njall@frettabladid.is

Undirmerki Hyundai, Genesis, hefur tilkynnt að GV60-rafbíllinn muni fara í sölu í Evrópu seinna á þessu ári, en meðal keppinauta hans eru Tesla Model Y og Jaguar I-Pace.

Billinn er á sama undirvagni og Kia EV6 og Hyundai Ioniq 5 og verður bæði faanlegur afturhjóladrifi og með fjórhjóladrifi. Öflugasta útgáfan verður með sama rafbúnað og EV6 GT og skilar 429 hestöflum en það dugar honum til að fara í hundraði á fjórum sekúndum sléttum.

Ólíkt EV6 GT verður sá bíll með Boost Mode sem gefur honum auka 54 hestöfl við ákveðnar



Genesis GV60 getur einnig stillt fjöðrun sína fyrir með hjálp myndavélakerfis. MYND/GENESIS

aðstæður. Auk þess verður sá bíll einnig með Drift Mode sem sendir meira afl til afturhjóla og nýtir einnig tregðulæsingubílsins. Eins og er eru engar áætlanir um að selja Genesis-merkið á Íslandi. ■



Frá reynsluakstri Megane E-Tech á Spáni á dögumum.

MYND/NJALL GUNNLAUGSSON

Renault Megane E-Tech kominn í forsölu hjá BL

Renault Megane E-Tech rafbíllinn verður seldur samhliða fyrri kynslóð næstu tvö árin. Hann er framhjóladrifið rafbíll með allt að 470 km drægi.

njall@frettabladid.is

Sala á nýjum rafbíll, Renault Megane E-Tech, hefst von bráðar en blaðamaður reyndi bíllinn á Spáni í vikunni og nánar verður fjallað um bíllinn í aprílblaði Bíla- og bílafréttablaðsins.

Um forvitnilegan bíl er að ræða sem kemur á nýjum undirvagni, sem er sá sami og verður í Nissan Ariya og væntanlega Nissan Leaf. Hann verður einungis í boði sem rafbíll og ekki verða neinar útgáfur af bílnum með brunahreyflum.

➤ Megane E-Tech kemur á sama undirvagni og Nissan Ariya og er aðeins í boði framdrifinn með 40-60 kWst rafhlöðu.

Rafhlaðan í bílnum er aðeins 110 mm á þykkt svo að sætishæðin er ekki meiri en í fyrri kynslóð Megane. Hægt er að velja um 40 eða 60 kWst rafhlöðu sem gefur allt að 470 km drægi.

Aðeins verður framdrifinn boði í Megane E-Tech en það þýðir að

hann hefur meira rými aftur í en til dæmis VW ID.3. Billinn verður seldur samhliða núverandi útgáfu Megane til 2024 en sá bíll er til bæði sem bensínbíll og tengiltvinnbíll.

Að sögn Knúts Steins Kára-sonar, vörumerkjastjóra Renault hjá BL, mun billinn kosta frá 4.990.000 krónum en með stærri rafhlöðunni frá 5.690.000 krónum. „Við munum fá þrjá bíla hingað í næsta mánuði og verða tveir settir á númer og verða til reynsluaksturs. Við áætluðum svo að afhenda fyrstu bílana í september,“ segir Knútur. Búast má við að billinn hljóti góðar viðtökur en hann varð nýlega í öðru sæti í vali á bíl ársins í Evrópu, þar sem hann var aðeins nokkrum stigum á eftir sigurvegaranum, Kia EV6. ■

H Hekla

Þjónustutorgið snýst um þig

Þjónustutorg Heklu www.hekla.is



Þetta er of gott til að fara í vaskeinni



Sjálfvirk háuljós

ABS hemlar

Bakkmyndavél

Leðurklætt aðgerðastýri

Ljós- og regnskynjari

Hiti í framsætum

Tvískipt miðstöð

Gaumljós við nauðhemlun (ESS)

Hraðastillir og hraðatakmarkari

Loftþrýstingsskynjarar (TPMS)

Hleðslutengi fyrir heima- og hraðhleðslu

Akreinavari (LDW)

Tveir USB tenglar

Lyklalaust aðgengi og ræsing

Neyðarhemlun með árekstrarvörn (FCM)

Skriðvörn

Ofi. ofi.

Við fellum niður 480.000 kr. VSK frá áramótum!*

Með nýjum samningum við Mitsubishi Motors er okkur nú kleift að fella niður andvirði virðisauka-skattsins sem settur var um áramótin á tengiltvinnbíl. Því býður Hekla ákveðinn fjölda bíla á 2021 verðinu frá **5.490.000 kr.** Notaðu þetta frábæra tækifæri og fáðu þér vel útbúinn **fjór hjóladrífinn Eclipse Cross PHEV tengiltvinnbíl** með öllum þeim kostum sem hugurinn girnist – og meira til.



**Eclipse Cross PHEV 4x4
Invite**
~~5.970.000 kr.~~
5.490.000 kr.

**Eclipse Cross PHEV 4x4
Intense**
~~6.370.000 kr.~~
5.890.000 kr.

**Eclipse Cross PHEV 4x4
Instyle**
~~6.770.000 kr.~~
6.290.000 kr.

Veldu uppáhaldsbilinn og taktu hann frá á www.mitsubishi.is/eclipse

Eclipse Cross PHEV 4x4 



Reynsluakstur

Volvo C40 Recharge P8

Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

KOSTIR:

- Kraftur
- Búnaður
- Upplýsingakerfi

GALLAR:

- Útsýni aftur
- Pláss í aftursætum
- Verð

Grunnverð: 8.890.000 kr.
Hestöfl: 408
Tog: 660 Nm
Hröðun: 0-100 km: 4,7 sek.

Hámarkshraði: 180 km
Rafhlaða: 78 kWst
Drægi: 444 km
L/B/H: 4.440/2.034/1.591 mm

Farangursrými: 413 l
Húddrymi: 31 l
Veghæð: 171 mm
Dráttargeta: 1.800 kg



Volvo C40 er laglegasti bill og kúpulagið er greinilega á leiðinni inn núna.

MYNDIR/TRYGGVI
ÞORMÓÐSSON

Ekki leiðum að líkjast

Stutt er síðan Volvo XC40 Recharge kom á markað og nú er komin kúpulega útgáfa hans sem kallast einfaldlega C40 og er aðeins fáanleg í einni útfærslu eins og sakir standa.

Volvo hefur sett á markað C40-rafbilinn í vel búinni útfærslu sem er nota bene eina útgáfan í boði eins og er. Um vel búinn bíl er að ræða enda verðlagður samkvæmt því. Hann er í grunninn sami bill og XC40 enda munar bara einum staf á nafninu, en kúpulaga jeppingsútlit er að verða vinsælla með hverju árinu og fær mann til að hugsa hvort að við séum aftur að sækja í fólksbílaútlitið í stað kassalaga jeppingsins sem flestir hafa hingað til viljað.

Að setjast upp í C40 er sama upplifun og í XC40 því að hann notast við sama lykjalausa aðgang og hann og ekki þarf að gera neitt nema að opna bilinn og setja í gir. Billinn skynjar einfaldlega lykilinn í vasa ökumanns sem er skynsamlegri lausn en að hafa aðganginn gegnum símann, því ekki lánar maður símann með bílnum, eða hvað? Í upplýsingaskjólum er notast við Google-stýrikerfi sem er gott í einfaldleika sínum. Hægt er að hlada niður efni af ýmsu tagi eins og smáforritum eða lagalista ef svo ber undir. Innréttingin er vistvæn svo ekki sé meira sagt og baklýst felulitamunstur er skemmtileg tilbreyting. Sætin eru úr efnum sem fólu ekki í sér morð af neinu tagi enda innréttingin vegan. Að því sögðu verð ég að segja að sætin eru í harðari kantinum og ekki eins góð og maður á að venjast í Volvo. Ef tilfinningin að sitja framm í C40 er eins og í XC40 er tilfinningin að setjast í aftursætið sú sama og að setjast aftur í Polestar 2. Maður rekur höfuðið í lágan þakbitann og

þegar maður er búinn að koma sér fyrir er höfuðið ennþá að rekast í hann. Farangursrýmið er þó örlítið rúmbetra og þægilega aðgengilegt enda opnast hlerinn vel upp.

Að keyra bilinn er næstum því jafn skemmtilegt og að keyra Polestar 2, en bara næstum því. Krafturinn er ekki síðri enda upptakið í 100 km aðeins 4,7 sekúndur. Fjöðrunin er góð líkt og í Pólstjörnunni og hann liggur líka vel gegnum beygjurnar. Það sem hann hefur aftur á móti ekki eru mismunandi akstursstillingar og aðeins er hægt að velja um eins pedala akstur eða ekki. Í raun og veru er hægt að fyrirgefa það að slíkt vanti því að stillingin er bara góð og hann svarar vel í stýri sem er alveg mätulega þungt. Þar sem billinn kemur á 20 tommu felgum er smá veghljóð sem ekki verður komist hjá og útsýnið er svipað líka, sem er lítið aftur á við.

Maður kemst ekki hjá því að bera bilinn saman við Polestar 2 og spyr sig ósjálfrátt hvers vegna maður ætti að borga talsvert meira fyrir C40 en XC40 Recharge eða Polestar 2 til dæmis. Allir eru með sama undirvagni og tæknibúnaði, rafmóturum og þess háttar. Munurinn er aðeins skiljanlegri í XC40 þar sem um annars konar bíl er að ræða og maður fær einfaldlega skemmtilegri bíl í C40 með meira drægi. Hins vegar hristir maður hausinn þegar hann er borinn saman við Polestar 2 en þessir bílar eiga ótrúlega mikið sameiginlegt en Volvo C40 kostar meira en einni og hálfri milljón meira. Til samanburðar kostar Polestar 2 Long Range með Pilot pakka 7.150.000 krónur og XC40 R-Design 7.295.000 krónur, en C40 er á 8.890.000 krónur. Síðustu fréttir herma þó að von sé á útgáfu með einum rafmótor sem mun þá eflaust lækka verðið talsvert. ■



Farangursrými er rúmgott og aðgengilegt enda vel hannað og kostur er að skíðalúgunni svokölluðu.



Sama er uppi á teningnum og í Polestar 2 en höfuðrymi í aftursætum er ekki mikið.



Mælaborðið er með svipuðum hætti og í XC40 og upplýsingaskjárinn er með Google-stýrikerfi.



Afturendinn er svipaður Polestar 2 en með mýkri línun.



Í húddrymi er 31 lítra pláss fyrir léttari farangur.



Beinskiptingin er að verða sjaldséðari með hverju árinu og þá sérstaklega hér á Íslandi þar sem 95 prósent bíla eru seld með sjálfskiptingu. MYND/SKJÁSKOT



Langt húdd og breiðar hjólaskálar eru einkenni GT-bilsins.

MYND/MERCEDES

Enn öflugri Mercedes-AMG GT á leiðinni

njall@frettabladid.is

Í framhaldi af frumsýningu SL Roadster-sportbilsins kemur Mercedes-AMG með aðra kynslóð AMG GT sem keppa mun við Porsche 911. Hann verður á sama MSA-undirvagni og SL-inn en sá undirvagn mun leyfa fjórhjóladrif. Vélin verður V8-bensínvél með tveimur forjöppum og mun skila meira en 600 hestöflum í GT 63-útgáfunni.

Hvenær er sjálfskipt beinskipt og öfugt?

Með meiri tæknibróun framleiðenda eru mörkin á milli beinskiptinga og sjálfskiptinga orðin óskýrari. Lönd Evrópu hafa mörg hver ákveðið að úrelða brunahreyfla fyrir 2030 og þar af leiðandi munu beinskiptir bílar hverfa í framhaldinu, eða hvað?

njall@frettabladid.is

Ford hefur sótt um einkaleyfi á kúplingslausri beinskiptingu, þar sem kúplingin er í raun og veru sjálfvirk gegnum gírstöng er nemur þrýsting. Tölva sér um að reikna út hversu mikið kúplingin er notuð eftir vélar-

snúningi og hraða bilsins, en einnig hraða átaksins á gírstöngina og mun kerfið geta leyft mjög hraðar gírskiptingar. Gírkassinn er festur við vélarblokkina, segir í útskýringum með umsókninni, sem þýðir að um brunahreyfil sé að ræða. Ford vonast til að geta einfaldað notkun beinskiptingar með þessum hætti og gert hana vinsæla aftur.

Toyota sótti einnig um einkaleyfi fyrir beinskiptingu á dögnum, en hún er fyrir rafbíla. Líkir skiptingun eftir beinskiptingu og er búin gírstöng og meira að segja kúplingspedal, sem ásamt hugbúnaði líkir eftir akstri beinskipts bíls. Samt sem áður er aðeins um eitt gangstigi

» Toyota sótti um einkaleyfi á beinskiptingu fyrir rafbíla á dögnum sem líkir eftir eiginleikum beinskiptingar.

að ræða en aflinu er stjórnað með þeim hætti að það líkir eftir akstri beinskipt bíls, þannig að „fyrsti gírinn“ fær meira tog en „sjötti gírinn“ fær meiri hámarks hraða sem tekur lengri tíma að vinna upp, líkt og í beinskiptum bensínbíl.

Á Íslandi hefur þróunin verið þannig að beinskiptir bílar eru aðeins um 5 prósent nýrra bíla og fara þeir flestir á bilaleigur. Sífellt fleiri ökunemar velja líka að taka frekar próf á sjálfskiptan bíl eftir að það varð möguleiki, þar sem enginn beinskiptur bíll er á heimilinu. Líkur eru á því að beinskiptingun verði því sjaldgæf undantekning í bílum á næsta áratug. ■

» Náðst hafa nokkrar njósnamyndir af bílnum við prófanir sem sýnir bíl með meiri halla á afturrúðu en ekki er enn vitað hvort hann verði fjögurra sæta eða tveggja sæta.

Með það afl og fjórhjóladrif er líklegt að bíllinn verði innan við 3,5 sekúndur í hundradíð. Náðst hafa nokkrar njósnamyndir af bílnum við prófanir sem sýnir bíl með meiri halla á afturrúðu, en ekki er vitað enn þá hvort það þýði að hann verði fjögurra sæta eins og SL eða tveggja sæta. Bíllinn verður allavega frumsýndur í lok árs, en hann fer í sölu snemma á næsta ári. ■

KONI

Demparar fyrir þá kröfuhörðu!

Demparar á lager í margar gerðir ökutækja m.a.
Fólksbíla - Jeppa - Vörubíla - Flutningabíla - Rútur



Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • www.aflvelar.is • sala@aflvelar.is





Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

VW Multivan

KOSTIR:

- Rými
- Enginn keppinautur

GALLAR:

- Blindur punktur
- Skjástýrikerfi

Grunnverð: 7.490.000 kr.
Hestöfl: 218
Tog: 350 Nm
Hröðun 0-100 km: 11,6 sek.

Hámarkshraði: 190 km
Rafhlaða: 13 kWst
Drægi rafhlöðu: 50 km
CO2: 41 g/km

L/B/H: 4.973/1.941/1.903 mm
Hjólhaf: 3.124 mm
Farangursrými: 469 lítrar
Dráttargeta: 1.800 kg



VW Multivan kemur nú á fólksbílaundirvagni og er betri akstursbíl fyrir vikið.

MYNDIR/ELVA HRÖNN GUÐBJARTSDÓTTIR

Margt til lista lagt

Þegar kemur að bílum fyrir stórar fjölskyldur er ekki um auðugan garð að gresja og flestir byggja á grunni sendibíla. Nú er þó kominn sjö manna bíll í nýjum Multivan á fólksbílagrunni sem er sá eini slíki sem fánlegur er sem tengiltvinnbíl.

Kominn er á markað ný kynslóð VW Multivan en hér er í raun og veru kominn arftaki Caravellunnar. Ástæðan er sú að hann er ekki lengur byggður á undirvagni Transporter-sendibílsins heldur kemur hann á sama undirvagni og VW Tiguan eða Caddy, og þar af leiðandi kemur hann einnig sem tengiltvinnbíl. Breytingin yfir í annan undirvagn þýðir að bíllinn er í öðrum stærðarhlutföllum, en hann er 43 mm lægri en Caravelle, sem þýðir að hann ætti að komast í flestar bílageymslur. Hann er einnig 37 mm breiðari og það sem munar mest um, með 124 mm lengra hjólhaf.

Mælaborðið er það sama og í nýjustu kynslóð Golf með sínum kostum og göllum. Til dæmis er ýtt á Clima-takka undir upplýsingaskjá til að kalla fram stjórnþúfa fyrir miðstöð. Í prufuakstrinum fraus þessi hluti á skjánum svo ekki var hægt að gera neitt eftir að búid var að kalla þennan hluta fram, en það lagaðist þegar bíllinn var endurræstur. Annað sem var sérstakt við innréttinguna var að skiptingin var í mælaborði sem sparar pláss. Hún var hins vegar svört í svörtu mælaborði svo að í fyrstu skiptin þurfti að þreifa fyrir sér til að finna hana í myrkri, því ekkert ljós var á henni heldur. Að innan er bíllinn mög rúmgóður og þægilegt að ganga

um hann og ekki skemmdi fyrir að hann var búinn rafdrifnum hliðarhurðum ásamt afturhlara. Bíllinn kemur með sjö sætum og eru þá tvö í miðjusætaröðinni og eru þau öll rúmgóð og þægileg. Gott pláss er fyrir farangur þrátt fyrir öll sætin þótt eflaust þurfi að stafla dálítið til að fullnýta það. Loks er útsýni gott í bílnum ef frá er skilið blint horn vegna tveggja breiðra A-pósta við framrúðu. Til dæmis er vélarhlíf sýnilegri úr öikumannssætinu en í Caravelle.

Í tengiltvinnútgáfunni er bíllinn með 1,4 lítra bensínvél og 114 hestafla rafmótor sem samtals gefa honum 218 hestöfl. Í tengiltvinnútgáfunni kemur hann með sex þrepa DSG-sjálfskiptingu. Það þýðir að hann er hress af stað þegar rafmagnnið er enn þá til staðar en nokkuð latari þegar rafhlaðan er tæmd. Rafhlaðan er 13 kWst og gefur honum 50 km drægi á hreinu rafmagni. Maður veltir því fyrir sér hvort vélin ráði við mikinn drátt þegar hún er aðeins í notkun en dráttargetan miðast við 1.800 kg. Þar sem hann er á undirvagni sem er hannaður með fólksbíla í huga er ekki hægt að segja annað en að breytingin sé til batnaðar þegar kemur að aksturseginnleikum. Fjórðrunin er góð og sendir ekki mikinn titring upp í yfirbygginguna. Auðvitað er Multivan enginn sportbíl en maður finnur vel að hann hagar sér meira eins og fólksbíl en sendibíl í akstri.

Einn af helstu kostum nýs Multivan er að hann er eini bíllinn í flokknum sem er kominn með tengiltvinnútfærslu sem þýðir að verðið er vel samkeppnishæft. Það eru helst bílar eins og Renault og Toyota sem keppa við hann hér-



Talsvert rými er fyrir farangur sem þarf þó að stafla hátt.



Það fer ekki mikið fyrir 1,4 lítra bensínvélinni sem er 150 hestöfl ein og sér.



Mælaborðið er með sama hætti og í nýjum Golf og takið eftir tvöföldum A-bitu sem skyggir aðeins á útsýni.



Það þarf ekkert að kvarta yfir pláss í Multivan eins og við var að búast.

lendis en Renault Traffic Passenger er frá 7.290.000 og Toyota Proace frá 9.150.000 krónum. Mercedes-Benz EQV er aðeins fánlegur rafdrifinn svo að samanburður við hann kemur frá hinum endanum en sá bíll er frá 11.900.000 krónum. Fyrir bílakaupanda sem þarf á miklu pláss að halda en vill ekki þurfa að menga mikið eða eyða miklu eldsneyti má segja að hér séu komin mjög skynsamleg kaup. Samt getur bíllinn flutt stóra hluti ef sætin eru tekin úr og dregið stóran tengivagn svo að honum er margt til lista lagt, þessum Multivan, eins og nafnið ber í sér. ■



Þar sem það er þokkalega hátt undir hann stendur hann sig vel í snjónum.

Ertu með eitthvað grænt í gangi?

Með Grænu láni frá Ergo getur þú fjármagnað rafbíl, rafhjól eða hleðslustöð á hagstæðum kjörum.

Kynntu þér málið á ergo.is

ergo  **GRÆN LÁN**

Safn í safninu um þúsundþjalasmiðinn Pétur

Pétur Símonarson í Vatnskoti átti eitt sinn Harley-Davidson-mótorhjól sem hann hafði með sér frá Danmörku eftir seinni heimsstyrjöldina. Hjólið er nú komið aftur til landsins eftir viðdvöl á Spáni.

njall@frettabladid.is

Frystihúsið bílasafn er afar sérstakt bílasafn sem rekið er í gömlu frystihúsi á Breiðdalsvík og var opnað á síðasta ári. Þar eru geymdir nokkrir merkilegir bílar eins og hinn frægi Gerlach-bíll til að mynda. Safnið hefur nú fest kaup á grip sem Pétur Símonarson í Vatnskoti átti, en það er Harley-Davidson-mótorhjól af árgerðinni 1931. Pétur var landsþekktur fyrir smíði sína á ýmsum óvenjulegum farartækjum og meðal annars smíðaði hann tvo vélsleða sitt hvorum megin við síðari heimsstyrjöldina og notaði til þess mótór og fleira úr gömlum flugvélum. Einnig smíðaði hann snjóhjól upp úr eldgömlu Ariel-mótorhjóli sem hann fór á upp á Skjaldbreið árið 1937 og notaði sem fararkost á vetrum, auk vatnabáts sem var með mótór úr gömlu Harley-Davidson-mótorhjóli. Hjólið sem hér um ræðir eignaðist hann hins vegar í Danmörku þegar hann lokaðist þar inni vegna stríðsins, en hann kom heim aftur 1945.

„Ég var mjög hissa þegar ég frétti af því að þetta hjól væri til, en ég hafði verið að birta mynd af vélsleðanum á Facebook þegar haft var samband við mig,“ segir Kári. Hjólið var komið til Spánar þar sem það var í eigu íslenskrar konu en er nú komið til landsins aftur. „Mér finnst frábært að við séum búin að fá þennan grip,“ segir Ómar, „en maður hafði oft séð þennan grip á myndum í albúmunum hans þabba.“ Helga tekur undir með bróður sínum og segist oft hafa velt því fyrir sér hvað hafi orðið af hjólinu.

Hjólið verður einn af helstu



Pétur og Friða á hjólinu eftir að það kom til Íslands og er þetta í fyrsta skipti sem þessi mynd er birt, en myndin mun prýða safnið þegar þar að kemur.



Pétur stendur hér ásamt systur sinni við fyrri sleðann sem hann smíðaði 1937 en mótörinn úr honum er til en hann kom úr Vífilsstaðaflugvélinni.

gripum safnsins og til stendur að hafa sérstaka deild um Pétur þar. „Það á svo sem eftir að þróa hugmyndina aðeins, en líklega verður þetta eins konar safn í safninu,“ segir Ingólfur. „Ef það eru einhvers staðar munir eftir Pétur utan fjöl-



Pétur situr hér á hjólinu úti í Danmörku skömmu áður en hann kom með gripinn hingað til lands.

skyldunnar hefðum við auðvitað gaman af því að heyra af þeim og fá að sýna þá,“ sagði Ingólfur enn fremur. Búast má við hjólinu á safnið í sumar og því kjörið tækifæri fyrir áhugafólk um flott farartæki að kíkja við á safninu á Breiðdalsvík. ■

T-MAX®

MAXIMUM OFF-ROAD RECOVERY

Tilbúin(n) í páskaferðina?

Loftdæla 72 l.



26.450 kr.

Dekkjavíðgerðasett



7.980 kr.

Aukahlutataaska



19.980 kr.

Dekkjatjakkur 48"



18.900 kr.

Fjór hjólaspil



Frá 54.900 kr.

Loftdæla 160 l.



36.980 kr.

Spilvagga



19.900 kr.

Jeppaspil



Frá 99.980 kr.

Polestar kynnr 02-tilraunabílinn

njall@frettabladid.is

Polestar hefur frumsýnt nýjan tilraunabil sem er sportbíl með opnanlegu þaki. Í grunninn notast hann við sama undirvagn og Polestar 5 og gæti því allt eins orðið framleiðslubíll eins og hann, en sá var áður tilraunabíllinn Precept. Hönnuðir Polestar breyttu rafhlöðu Polestar 5 þannig að hjólhaf hans er 400 mm styttra, en 02 mun þó geta notast við fjór hjóladrif og haft sömu stærð af rafhlöðu.

» Í innréttingu er endurunnið pólýester sem nota má aftur og aftur.

Sætin í bílnum eru fjögur en bíllinn er 4.700 mm að lengd sem gerir hann svipaðan að stærð og BMW 4 Coupe. Ef bíllinn fer í framleiðslu er líklegt að það verði ekki fyrr en í fyrsta lagi árið 2025, á eftir Polestar 3 og 4. Einnig verður hann með næstu kynslóð af endurvinnanlegum efnum, en þau eru ekki alveg tilbúin til framleiðslu heldur að sögn Thomas Ingenlath, forstjóra Polestar. Um er að ræða endurunnið pólýester fyrir alla mýkri hluta bílsins sem einfaldar endurvinnslu bílsins sjálfs til muna. ■



Polestar 02 er fjögurra sæta sportbíl sem hægt er að opna á þakið en óvíst er hvort hann fari í framleiðslu eins og staðan er. MYNDIR/POLESTAR



Innréttingin er með fljótandi miðjuskjá og öll mýkri efni úr endurunnið pólýester.

Bílabúð Benna - verslun
Tangarhöfða 8 - 12
590 2000

Bílabúð
Benna
Sérfræðingar í bílum

Rafmögnuð framtíð!

Ekkert bensín, ein föst greiðsla á mánuði,
enginn óvæntur kostnaður...
...og allir kátir!



Kia e-Niro - 100% rafmagn
Verð: 109.600 kr. á mánuði*



Nissan Leaf Tekna- 100% rafmagn
Verð: 79.600 kr. á mánuði*



Hyundai Kona EV Style - 100% rafmagn
Verð: 99.600 kr. á mánuði*



Lexus UX300e Premium - 100% rafmagn
Verð: 119.600 kr. á mánuði*

**Til
afhendingar
strax!**

sixtlangtímaleiga.is

Komdu við í sýningarsalinn okkar að
Krókhálsi 9 eða skoðaðu úrvalið og kynntu
þér kosti langtímaleigu á sixtlangtímaleiga.is.
Einnig getur þú haft samband við viðskiptastjóra
Sixt í síma 540 2222 eða á vidskiptastjori@sixt.is

Innifalið í langtímaleigu:

- Þjónustuskoðanir
- Hefðbundið viðhald
- Tryggingar og gjöld
- Dekk og dekkjaskipti

Audi útbýr V6-dísilvélar til að ganga á lífolíu

njall@frettabladid.is

Audi hefur tilkynnt að sumar V6-dísilvélar þeirra geti nú gengið á endurunninni lífolíu (HVO), en það er aðgerð sem minnkar mengun frá bílum merkisins til að mæta skilyrðum ESB um hreinni vélar. Notast er við endurunna matarolíu sem fær svokallaða vetnismeðhöndlun.

Vetnismeðhöndlun er framkvæmd til að losna við brennistein,

Notkun HVO minnkar brennslu CO₂ um 70-95 prósent.

súrefni og nitrógen úr oliunni sem brennur þá hreinna. Auk þess mun olía af þessu tagi auka afl vélanna þegar þær eru kaldar. Bæði má blanda HVO saman við dísilolíu eða nota hreina en þeir Audi-bílar



Sumar fjögurra strokka dísilvélar Audi hafa getað brennt HVO síðan 2021 og nú flestar V6 vélar þeirra einnig.

MYND/SIGTRYGGUR

sem geta brennt slíkri olíu fá XLT-miða á lok eldsneytistanksins.

Að sögn Audi eru V6-dísilvélar framleiddar frá miðjum febrúar 2022, með afl upp að 282 hestöflum, úr A4, A5, A6, A7, A8, Q7 og Q8 sem geta brennt HVO. Audi segir að notkun HVO minnki brennslu koltvíoxíðs um 70-95 prósent miðað við dísilolíu en VW Touareg V6 bílar munu fylgja í kjölfarið. Meðal landa sem nota mikið HVO eru Svíþjóð, Danmörk og Ítalía. ■



Nýr rafdrifinn Jeep-jepplingur verður líklega svipaður Peugeot 2008 eða Opel Mokka að stærð.

MYND/JEEP

Myndir af fyrsta Jeep-rafbílnum

njall@frettabladid.is

Jeep hefur sent frá sér myndir af fyrsta 100 prósent rafbíl merkisins sem frumsýndur verður í Evrópu á fyrri hluta næsta árs. Bíllinn hefur ekki fengið nafn en er sá fyrsti í röð rafdrifinna Jeep jepplinga sem koma á markað fyrir 2026.

Bíllinn er aðeins minni en Renegade og þótt hann sé greinilega Jeep er hann straumlinulagaðri og með lokuðu grilli eins og aðrir rafbílar. Hann verður byggður á e-CMP undirvagninum frá Stellantis en það er sá sami og er undir Peugeot 208 og Opel Corsa til að mynda. Því er ólíklegt að þessi bíll verði með fjórhjóladrifi, alla vega til að byrja með. Til þess þarf líklega að bíða eftir STLA-rafbíla-undirvagninum sem kemur árið 2026 en hann getur haft rafmótora á báðum öxlum. ■



Fimm ár eru frá frumsýningu VW Buzz sem tilraunabíls.

MYND/VW GROUP

VW ID Buzz frumsýndur í dag

njall@frettabladid.is

Nýjasti rafbíl Volkswagen merkisins, ID Buzz, verður frumsýndur í dag, miðvikudag. Birt hefur verið mynd af bílnum í felubúningi við Tower Bridge, en eins og sjá má er um kassalaga bíl að ræða með svipuðu útliti og nýr VW Multivan.

Bíllinn verður kynntur bæði sem fjölnota fólksbíl og sendibíl, en lengri útgáfa hans mun þó ekki koma fyrr en á næsta ári. Líkt og á Multivan verða tvær hliðarhurðir og tvær rennihurðir. Tækniupp lýsingar verða eflaust gefnar upp við frumsýningu bílsins en þegar hefur verið tilkynnt að bíllinn verði með Level 2 sjálfkeyribúnaði frá frumsýningu. ■



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR

á þinni leið

Vesturhraun 5 210. Garðabær

KEEN GÖNGUSKÓR OG SANDALAR



Mýkt og þægindi við ökkla
Lykkja að aftanverðu auðveldar þér að fara í skóinn

Endurskin
Góður stuðningur við hæl
KEEN.Dry vatnsheld filma sem að andar

Ytri sóli: gúmmí með gott grip (all terrain)

Fjölátta grip á sóla, gott grip

4 mm munstursdýpt á sóla



Targhee Mid ♂

28.990 kr.

Náttúruvænt hágæða leður, LWG vottað

Góð vörn á tál
EVA dual-density innlegg sem hægt er að fjarlægja

Stingum af...



Targhee Mid ♀
Uppháir gönguskór
28.990 kr.



Venice II H2 ♀
Stillanlegt hælband, lokuð tál
15.990 kr.



Venice ♀
Lokað hælband og tál
16.990 kr.



Venice H2 ♀
Lokað hælband og tál
17.990 kr.



Newport ♂
Gott grip, lokuð tál
20.990 kr.



Newport H2 ♂
Lokað hælband, lokuð tál
18.990 kr.



Targhee WP ♂ ♀
Lágir gönguskór
25.990 kr.



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15

Sefur nú rótt nær hverja nótt án svefnlyfja

Kristín Þorvaldsdóttir hefur um árabíl þjáðst af slit- og vefjagigt og tekið inn bæði svefnlyf og verkjalyf við því.

Í kjölfar aðgerðar vegna mjaðma-grindarbrots, ákvað hún að segja skilið við verkjalyfin og svefn-töflurnar og leita í náttúrulegri lausnir.

„Ég var mikil íþróttakona hér áður fyrr og spilaði golf en vegna gigtar og veikinda hætti ég að geta stundað það. Ég hætti því í sportinu og í vinnunni,“ segir Kristín. Við tók langur kafli þar sem Kristín glimdi við sársauka vegna veikinda og svefnvandamál. Þá fékk hún uppáskrifað hjá lækni svefnlyf og verkjatöflur.

Slysaðist til að hætta

„Ég slasaðist í upphafi árs 2020 og brotnaði á mjöðm. Í júní sama ár fór ég í seinni aðgerðina af tveimur. Eftir hana ákvað ég að hætta á verkjalyfjum og í kjölfarið hóf ég að trappa mig niður og loks losa mig alfarið við svefnlyfin. Ég hafði tekið svefnlyf í um þrjú ár með hléum, því að ég á almennt erfitt með að sofna á kvöldin. Ég lá uppi í rúmi og bylti mér á þúsund vegu. Þetta stafaði eflaus af óþægindum vegna slitgigtar og vefjagigtar. Ég gat ekki slakað á. Svo sofnaði ég eftir dúk og disk, jafnvel þó ég væri að taka svefnlyf. Svo eru svefnlyfin líka þannig að þau gera mann ofboðslega þungan. Það tók mig langan tíma að vakna á morgnana og ég var þung í höfðinu lengi fram eftir degi. Eftir tvo mánuði var ég orðin laus við verkjalyf og svefnlyf.“

Óeirðin kom aftur

Nokkru eftir að Kristín hætti að taka svefnlyfin fann hún að það var komin smá óeirð í hana og enn



vantaði hana hjálp við að sofna. „Ég var ekki farin að sofa 100%. Þá held ég að ég hafi séð auglýsingu í blaðinu og ákvað í kjölfarið að prófa Sofðu rótt frá ICEHERBS. Ég vildi klárlega fara út í eitthvað náttúrulegt og eitthvað sem væri ekki ávanabindandi, frekar en að byrja aftur að taka svefnlyfin. Ég fann strax mun á mér. Eftir að hafa tekið Sofðu rótt á hverju kvöldi í þrjá mánuði var ég orðin allt önnur.“

Hvilst betur

„Í dag fer ég upp í rúm á kvöldin, les smá í bókinni minni eða hlusta á hljóðbók. Þegar ég finn að ég er að sofna þá bara legg ég bókina frá mér og sofna án þess að þurfa að bylta mér endalaust. Ég segi ekki að ég sofi 100% allar nætur, en ég fæ mun betri svefn með Sofðu rótt en án þess, og ég sef líka betur heldur en með hjálp svefnlyfja. Ég er aldrei þung í höfðinu þegar ég vakna og vakna mun fyrr heldur en á svefnlyfjum. Þá finn ég að ég hvilst alla jafna betur. Ég finn að maður er ekki jafnstressaður og áður eða kvíðinn. Þetta hefur róandi áhrif á mig og ég finn það sérstaklega í öllu þessu ástandi sem hefur verið í dag, faraldur og hvað eina.

Sofðu rótt virðist vera eitthvað



Kristín segir að Sofðu rótt hafi algerlega leyst svefnlyfin af hólmi, og gott betur en það.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

sem gefur mér líka hugarró fyrir svefninn og ég hef fulla trú á vör- unum frá ICEHERBS. Ég mæli heils hugar með Sofðu rótt fyrir alla sem eiga í vandræðum með svefn og ég tala nú ekki um ef fólk vill kúpla sig út úr svefnlyfjum.“

Náttúrulega slakandi og róandi

Náttúrulegar lausnir eins og jurtir og lækningajurtir hafa verið notaðar langt aftur í aldir um heim allan. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar, ekki klínískar þó, en þær eiga það sameiginlegt að sýna fram á virkni lækningajurta. Flestar lækningajurtir eru skaðlausar og því er greiður aðgangur að þeim. Náttúrulegar lausnir hafa lengi virkað vel á fjölmarga enda er sú leið oft valin ef fólk vill komast hjá lyfjanotkun. ICEHERBS býður upp á náttúrulega lausn við svefnvandamálum, en gríðarlega

stór hópur fólks velur að reyna við náttúrulegar lausnir áður en svefnlyf eru notuð.

Sofðu rótt í alla nótt

Sofðu rótt frá ICEHERBS inniheldur magnoliubörk og íslensk fjallagrös. Saman virka þessar tvær jurtir einstaklega vel til þess að bæta svefn á náttúrulegan og heilbrigðan hátt. Þessi öflugla blanda hentar vel fyrir þá sem vilja aðstoð við að ná betri, jafnari og samfelldum svefni sem og bæta andlega líðan.

Þessi magnaða jurt, magnolía, hefur verið notuð um aldir við þunglyndi, svefnvandamálum, kvíða og streitu. Hún er þekkt fyrir að virka almennt slakandi og róandi, og á að bæta eðlilegan og samfelldan svefn.

Rannsóknir á magnolíu sýna fram á að hún inniheldur virk efni,

sem vitað er að hafi áhrif á andlegt jafnvægi. Virku efnin í magnolíu-berkinum örva boðefni í heilanum og koma jafnvægi á hormónið kortísón. Þau geta virkað almennt slakandi og róandi og bæta eðlilegan og samfelldan svefn.

Sofðu rótt blandan inniheldur einnig íslensk fjallagrös, oft nefnd ginseng Íslands. Fjallagrös eru rík af steinefnum, einkum járn og kalsíum. Fjallagrös hafa verið þekkt fyrir vatnslosandi áhrif og geta hjálpað til við að draga úr þjúg. Þau innihalda betagluk-antrefjar sem hafa reynst vel við þyngdartap, geta bætt meltingu og styrkt þarmana. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum og í nýrri vefverslun á iceherbs.is.

Hóflegt magn af kanil getur lækkað blóðsykur

Sýnt hefur verið fram á það með ýmsum rannsóknum að kanill getur hjálpað til við að lækka blóðsykur.

sandragudrun@frettabladid.is

Kanill er unnin úr berki sigrænna trjáa af ættkvíslinni Cinnamomum. Kanill hefur verið notaður í þúsundir ára í lækningaskyni og til að geyma mat. Kanill er yfirleitt flokkaður í tvær tegundir, ceylon og cassia. Ceylon er dýrari týpan og sú sem oft er kölluð hinn eini sanni kanill en cassia er ódýrari og oftast notaður í ýms konar mat.

Kanill inniheldur mikið af andoxunarefnum sem er ástæða þess að hann getur haft jákvæð heilsufarsleg áhrif. Hópur rannsakenda komst að þeirri niðurstöðu þegar þeir báru saman mismunandi jurtir og krydd að kanill væri með næst mesta magn andoxunarefna af þeim 26 jurtum sem þeir rannsökuðu, næst á eftir negul.

Það fólk sem þjáist af sykursýki framleiðir annað hvort ekki nóg insúlín eða líkami þess bregst ekki rétt við insúlíni sem veldur því að blóðsykur eykst. Samkvæmt rannsóknum getur kanill hjálpað til við að lækka blóðsykur með því að herma eftir áhrifum insúlíns og auka flutning glúkósa inn í frumur líkamans. Kanill getur líka hjálpað til við að lækka blóðsykur með því að auka insúlínæmið sem gerir það að verkum að geta insúlínsins til að flytja glúkósa inn í frumurnar eykst.

Rannsókn á sjö karlmönnum sem neyttu kanils sýndi að kanil-



neyslan jók insúlínæmið strax eftir neyslu og áhrifin vörðu í allt að tólf tíma. Önnur rannsókn á átta karlmönnum sýndi líka auknið insúlínæmi eftir að mennirnir höfðu neytt kanils sem fæðubótar í tvær vikur.

Blóðsykursgildi fólks geta hækkað verulega eftir máltíð, en hversu mikið gildin hækka fer að miklu leyti eftir því hversu stór máltíðin er og hversu kolvetnarík hún er. Þessar sveiflur á blóðsykri geta aukið oxunarstreitu og bólgur, sem getur svo valdið frumuskaða og auknið hættu á krónískum sjúkdómum.

Kanill getur hjálpað til við að halda þessari blóðsykurshækkun eftir máltíðir í skefjum. Sumir rannsakendur hafa sagt að það sé

vegna þess að kanilneysla hægi á því ferli líkamans að losa sig við matinn. Ein rannsókn leiddi í ljós að það að neyta sex gramma af kanil með einum skammti af hrísgrjónagraut hægði á tæmingu magans og blóðsykurinn hækkaði minna eftir máltíðina en þegar hrísgrjónagrautar var neytt án kanils. Aðrar rannsóknir hafa sýnt að kanill lækki blóðsykurhækkun í kjölfar máltíða með því að stöðva ákveðin meltingarensím sem brjóta niður kolvetni í smáþormunum.

Fólk með sykursýki er í tvöfaldri hættu á að fá hjartasjúkdóma, samanborið við fólk sem ekki er með sykursýki. Rannsóknir hafa sýnt að kanill getur hjálpað til við að minnka þessu hættu með því að

bæta áhættuþætti sem þekkt er að geti valdið hjartasjúkdómum.

Rannsókn á fólki með sykursýki týpu tvö sýndi að neysla kanils getur lækkað gildi slæma kólesterólsins (LDL) í blóðinu og einnig gildi þrigglýseríða. Einnig sýndi rannsóknin að neysla kanils hækkaði gildi góða kólesterólsins (HDL).

Önnur rannsókn sýndi að inntaka tveggja gramma af kanil á dag í tólf vikur lækkaði blóðþrýsting verulega, bæði efri og neðri mörkin.

Eins og áður kom fram er kanill skipt upp í tvær tegundir: ceylon og cassia. Ceylon inniheldur meiri andoxunarefni og er því líklegt að sú tegund hafi meiri heilsuþætti- andi áhrif en cassia. En þrátt fyrir

Rannsóknir á kanil sýna að hann hefur ýmis heilsuþætandi áhrif.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Önnur rannsókn sýndi að inntaka tveggja gramma af kanil á dag í tólf vikur lækkaði blóðþrýsting verulega.

Það hefur cassia-afbrigðið verið notað við flestar rannsóknir á fólki sem sýnt hafa heilsuþætandi áhrif kanils.

Þrátt fyrir að kanill hafi ýmis heilsuþætandi áhrif þarf að gæta þess að neyta hans í hófi því hann inniheldur efnið kúmarín sem getur mögulega verið skaðlegt lífrinni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur gefið út að hámarksneysla á kúmarín á dag sé 0,1 milligramm á kíló. Það þýðir að miðað við meðal kúmarín-magn í cassia-kanil má 75 kílóa mann-eskja borða 2,5 grömm eða hálfa teskeið af honum á dag. Ceylon kanill inniheldur aftur á móti mun minna af kúmarín og það er erfitt að neyta of mikils af efninu ef ceylon-kanill er borðaður.

Fólk sem tekur lyf eða insúlín við sykursýki ætti einnig að fara varlega í að bæta kanil við daglega neyslu sína því áhrif kanilsins og lyfjanna saman geta aukið áhættuna á of lágum blóðsykri. ■

HEIMILD: HEALTHLINE.COM



ÁS STYRKARFÉLAG

Aðalfundur

Ás styrktarfélag heldur aðalfund sinn miðvikudaginn 23. mars 2022 kl. 17:00 í Ögurharfi 6 Kópavogi.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.
Stjórnin.

Þjónustu- og skipulagssvið Akureyrarbæjar



Móahverfi Akureyri

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og nýtt deiliskipulag

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar auglýsir hér með skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Breytingin á við um reit sem merktur er ÍB23 á gildandi aðalskipulagi og nær til svæðis sem skilgreint er sem íbúðabyggð vestan Borgarbrautar og norðan Síðubrautar. Í breytingunni felst að þéttleiki íbúðabygginga verður 25-30 íbúðir á ha í stað 26 íbúða á ha áður og viðmið fyrir skiptingu íbúða verður fjölbýli 60-80% og sérþýli (einbýlis-, par- og raðhúsa) 20-40% í stað 40% fjölbýla, 40% par- og raðhúsa og 20% einbýlishúsa áður. Breytingin felur jafnframt í sér að áætlaður íbúðafjöldi á svæðinu eykst úr 1340 íbúðum í 1800-2000 íbúðir. Þá mun Síðubraut verða framlengd um 300 m til suðvesturs og aðveitulögn vatnsveitu hliðrað ásamt því að útivistarleið ofan svæðisins hliðrast lítillega. Afmörkun svæðisins breytist óverulega en stærð þess helst óbreytt.

Samhliða auglýsingu aðalskipulagsbreytingar er auglýst tillaga að deiliskipulagi Móahverfis skv. 41. gr. skipulagslaga.

Deiliskipulagstillagan á við um hluta þess svæðis sem merkt er ÍB23 á aðalskipulagi. Svæðið er um 45 ha og afmarkast af lóðamörkum við Urðargil, Vestursíðu og Borgarsíðu í austri, framhaldi af Síðubraut í norðvestri og af 100 m hæðarlínu í suðvestri. Tillagan gerir ráð fyrir að svæðið byggist upp sem íbúðabyggð með blöndu af fjölbýlis- og sérþýlishúsum ásamt íþróttasvæði og matjurtagörðum. Gert er ráð fyrir allt að 1100 íbúðum í hverfinu.

Þeir sem þessa óska geta kynnt sér tillögurnar og gert við þær athugasemdir. Tillöguupprætti og greinargerðir má nálgast hjá þjónustu- og skipulagssviði í Ráðhúsi Akureyrar frá 9. mars til 25. apríl 2022. Tillögurnar munu jafnframt liggja frammi hjá Skipulagsstofnun á sama tíma. Einnig verða þær aðgengilegar á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is – neðst á forsiðu undir: Auglýstar skipulagstillögur.

Frestur til að gera athugasemdir við tillögurnar rennur út 25. apríl 2022. Athugasemdum, þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram, má skila með tölvupósti á netfangið skipulag@akureyri.is eða bréfléiðis til þjónustu- og skipulagssviðs í Ráðhúsi Akureyrar, Geislagötu 9, 600 Akureyri.

Akureyri, 9. mars 2022
Skipulagsfulltrúi

Akureyrarbær
Þjónustu- og skipulagssvið Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is skipulag@akureyri.is

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Málara

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málara-meistari. Löggiltir málara. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðafl. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

RÚNAR MÚRARI EHF
S 774-3800
HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN
FLÍSALAGNIR
o.m.fl.
40 ára reynsla í utanhússviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu
<https://runarmurari.is/>
runarmurari@gmail.com
VSK 135577

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Mobility.is
Hjól og hjálpartæki, sala og leiga

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Hljómborð á tilboði
Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut



Parftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum

ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Allt fyrir veitingahús- atvinnueldhús og kaffihús

Kælar & frystar

Húsgögn

Ofnar

Uppvottavélar

Stál vinnuborð

Kæliborð

Handvagnar

Gastro

Stólar

intellecta.is
RÁÐNINGAR
RÍKISKAUP
ABILLI AÐ RAMMA SAMNINGI
intellecta

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geiriefh.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

www.verslun.is

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna óverulegra breytinga á aðalskipulagi.

1. Klif L167134; Skilgreining landsvæðis; Aðalskipulagsbreyting – 2201035

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 óverulega breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Í breytingunni felst að jörðin Klif L167134 er skilgreind sem landbúnaðarsvæði í stað frístundasvæðis.

2. Reykholt; Hreinsistöð; Aðalskipulagsbreyting – 2202018

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 óverulega breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Í breytingunni felst færsla á reit fyrir hreinsivirki fráveitu að Reykholti, með því að skilgreindur verði reitur I24, en jafnframt falli út reitur I10 sem er reitur fyrir hreinsivirki samkvæmt núgildandi aðalskipulagi.

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

3. Bergsstaðir L167201; Úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði; Stækkun frístundareits F84; Aðalskipulagsbreyting – 2108054 / 2108051

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bergsstaða L167201 og Bergsstaða 167202. Innan tillögunnar er gert ráð fyrir breyttri afmörkun frístundasvæðis (F84). Annars vegar er um að ræða stækkun, samtals um rúma 6 ha, í landi Bergsstaða L167202 og hins vegar er um að ræða breytta landnotkun um 12 ha frístundasvæðis í landi Bergsstaða 167201, sem verður landbúnaðarland að breytingu lokinni.

4. Einiholt 1 land 1 L217088; Úr landbúnaðarsvæði í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting – 2110061

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Einiholts 1, lands 1. Í breytingunni felst breytt landnotkun landbúnaðarsvæðis í verslunar- og þjónustusvæði.

5. Miðhús II L166580; Landbúnaðarsvæði í frístundasvæði; Aðalskipulagsbreyting – 2101012

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. mars 2022 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Miðhúsa II, L166580. Í tillögunni felst breytt afmörkun og minnkun á frístundabyggð F39. Svæðið neðan vegar minnkar sem nemur um 10 ha en svæðið ofan vegar stækkar sem nemur um 5 ha.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

6. Endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032 – 2002038.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa tillögu að nýju aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032. Innan aðalskipulags er lögð fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu á skipulagstímanum. Við gildistöku nýs aðalskipulags mun gildandi aðalskipulag ásamt síðari breytingum falla úr gildi. Með nýrri aðalskipulagsáætlun er lögð fram skipulagsgreinargerð, sveitarfélagsuppdráttur ásamt uppdrætti sem tekur til afréttar sveitarfélagsins. Að auki er lögð fram forsendu og umhverfisskýrsla, flokkun á landbúnaðarlandi, skilgreining landbúnaðarsvæða L1-L3 auk uppdráttar sen taka til verndarsvæða, vega í náttúru Íslands, vistgerða og minja samkvæmt aðalskráningu fornminja. Skipulagsstofnun samþykkti málið til auglýsingar með afgreiðslu sinni þann 1.3.2022 með nokkum athugasemdum. Brugðist hefur verið við athugasemdum innan auglýstra gagna. Afgreiðsla Skipulagsstofnunar fylgir auglýsingu aðalskipulagsáætlunar.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

7. Bergsstaðir L167060; Kringlubraut 1 og 3; Skilgreining lóða; Deiliskipulag – 2201066

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 að kynna tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til Bergsstaða, L167060. Í deiliskipulaginu felst skilgreining lóða og byggingarheimilda á lóðum Kringlubraut 1 og 3.

8. Eyvindartunga; Frístundabyggð neðan Laugarvatnsvegar; Deiliskipulag – 1706048

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 að kynna tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til svæða sem eru skilgreind sem F23 og F24 innan aðalskipulags Bláskógabyggðar, þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir allt að 60 frístundalóðum. Markmið deiliskipulagsins er m.a. að ákvarða lóðamörk, byggingarmagn og nýtingarhlutfall innan svæðisins auk þess sem gert er grein fyrir aðkomu og veitum.

9. Strengur veiðihús L166685; Skarð 1 og Skarð 2; Deiliskipulag – 2202036

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. mars 2022 að kynna tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til veiðihúss á eyrum Stóru-Laxár. Í deiliskipulaginu felst að heimilt verði að byggja veiðihús allt að 400 m² á einni hæð. Auk þess er heimilt viðhald og stækkun núverandi húss um allt að 30 m².

10. Hlíð spilda 1 L221538; Frístundasvæði; Endurskoðað deiliskipulag – 2008063

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. mars 2022 að kynna tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til frístundasvæðis að Hlíð spildu 1, L221538. Deiliskipulagið tekur til skiptingu landsins, skilgreiningu byggingarreita og byggingarheimilda innan svæðisins. Við gildistöku skipulagsins fellur núverandi deiliskipulags svæðisins úr gildi.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

11. Álfhóll L210521; 25 hektarar; Deiliskipulag – 2111047

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa deiliskipulagsáætlun sem tekur til lands Álfhóls, L210521. Innan deiliskipulagsins eru m.a. skilgreindir tveir byggingarreitir ásamt byggingarheimildum fyrir íbúðarhús, tvö minni hús allt að 60 m², fjölnotahús tengt atvinnurekstri allt að 600 m² auk skemmu/skýlis í tengslum við skógrækt.

12. Hulduland L180194; Efri-Reykir; Deiliskipulag – 2202006

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til Huldulands, L180194 í landi Efri-Reykja. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir tveimur byggingarreitum á lóðinni B1 og B2. Innan B1 verður heimilt að byggja íbúðarhús og gestahús auk geymslúhúss eða skemmu. Á B2 verður heimilt að byggja útihús, svo sem tækja-skemmu eða fjárhús. Samhliða er gert ráð fyrir breytingu á aðkomu.

13. Vatnsbrekka 1 L199296; Skipting lóðar; Deiliskipulag – 2201076

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til Vatnsbrekku 1, L199296. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að landinu verði skipt upp í fjórar jafnstórar lóðir sem verða um 21.750 fm hver. Ein lóðanna er þegar byggð og á henni er sumarbústaður (93,3 fm) byggður 2007 og geymsla (12,4 fm) byggð 2007. Heimilt er að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingarreits, þó ekki stærri en 40 fm.

14. Öndverðarnes 2 lóð (Laxabakki) L170095; Safn, ferða- og þjónustuhús; Deiliskipulag – 2107038

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. janúar 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til Öndverðarnes 2 lóð (Laxabakki) L170095. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits og byggingarheimilda þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustu- og aðstöðuhúss sem ætlað er að þjóna þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á lóðinni.

15. Ásgarður; Kerlingarfjöll; Deiliskipulag – 2110077

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. mars 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til lóðar Ásgarð í Kerlingarfjöllum. Meginmarkmið nýs deiliskipulags er að sniða ramma utan um ferðaþjónustu Fannborgar í Kerlingarfjöllum og tryggja þróun hennar til framtíðar í sátt við einstaka náttúru. Markmiðin eru þau sömu og markmið gildandi deiliskipulags en útfærð nánar fyrir svæði Fannborgar. Í þeim felst að bæta þjónustu við ferðamenn og auðvelda þeim sem sækja svæðið að njóta útivistar og náttúrufars án þess að valda röskun eða tjóni á lífríki svæðisins. Að hugað verði sérstaklega að gönguleiðum innan svæðisins og þær tengdar við leiðir sem liggja fyrir utan skipulagsmörkin. Að bæta gístaðstöðu og bjóða fjölbreytta gistingu til að koma til móts við ólíkar óskir ferðalanga. Að nýta og gera heilsteypara það svæði sem þegar hefur verið tekið til ráðstöfunar.

16. Flatir Réttarholt; Stækkun frístundasvæðis F27; Deiliskipulagsbreyting – 2005080

Sveitarstjórn Skeiðs- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. febrúar 2022 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu sem tekur til frístundasvæðisins að Flötum í landi Réttarholts merk F27 á aðalskipulagi. Í breytingunni felst stækkun skipulagssvæðis og fjölgun lóða innan þess. Staðsetning á leik- og opnu svæði er breytt og skilgreind gönguleið. Skilmálar skipulagsins eru uppfærðir í heild sinni eftir breytingu þar sem m.a. er skilgreint nýtingarhlutfall lóða og byggingarheimildir.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](#). Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: [www.asahreppur.is](#), [www.blaskogabyggd.is](#), [www.fludir.is](#), [www.gogg.is](#) og [www.skeidgnup.is](#)

Mál nr. 3-5 og 7-10 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 9. mars 2022 til og með 31. mars 2022.

Mál nr. 6 og 11-16 innan auglýsingar eru auglýst frá 9. mars 2022 til og með 21. apríl 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [vigfus@utu.is](#)

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Ögurhvarf

Velkomið í 10-20 hópinn

Bananar

Hollt og ódýrt millimál
í umhverfisvænum
umbúðum



u.p.b. **61**

kr./stk.


Dole banani
275 kr./kg

BÓNUS

Mundu eftir



**Euro
Shopper er
hagkvæmasti
valkosturinn
í hverjum
vöruflokki í
Bónus**



■ Hvað er að fréttu?

Hundrað símtöl á dag



Hannes Steindórsson
fasteignasali
„Ég vinn sem fasteignasali frá 9-5 og svo taka framboðsmálin við fram á kvöld.“ segir Hannes

Steindórsson, formaður Félags fasteignasala, sem býður sig fram í 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi á laugardag.

Hann segist vera algjör nýliði í pólitík en verkefnið fari ágætlega vel saman þótt dagarnir hafi verið langir undanfarið. „Þessi vika hefur verið ansi frábrugðin, en ég mun vera á kosningaskrifstofunni frá tíu til tíu, eða öllu heldur við eldhúsbordid að hringja um hundrað símtöl á dag.“

Hannes segir íþróttir barna vera honum hjartans mál. „Og aðal-efnið hjá mér er að koma öllum börnum í íþróttir óháð fjárhag foreldra.“ Þá eru húsnæðismálin fasteignasalanum ofarlega í huga. „Ég tel að reynsla mín og þekking í þeim efnum geti haft góð áhrif í bæjarstjórn,“ segir Hannes sem leggur áherslu á að byggja þurfi fyrir bæði eldra og yngra fólk.

„Það þarf að byggja fyrir alla, það þarf að gera eitthvað. Það eru aðeins 48 íbúðir til sölu í Kópavogi. Í höfuðborginni eru um 400 eignir til sölu og 550 fasteignasalar og frekar rólegt þannig.“ ■

■ Á skýjanum

Pétur er í alsælu



Pétur Marteinn Urbancic
formaður
Hallveigar

„Ég hef þó horft á Euphoria síðustu vikur,“ segir Pétur Marteinn, sem er lögfræðingur og forseti Hallveigar, ungra jafnaðarmanna í Reykjavík.

„Þetta er svona unglíngadrama, sem ég, háaldraður þritugur maður, ætti kannski ekki að vera að horfa á. En ég er af þessari OC- og One Tree Hill-kynslóð og þetta vekur upp einhverja nostalgíu-tilfinningu.“

Ég mæli svo sem með þáttunum, svona fyrir þau sem fila þessa típu af þáttum.“ ■

Ástin er ekki blind en sér þó ekki allt

Bandarísku raunveruleikaþáttunum Love is Blind er ætlað að vera einhvers konar félagsfræðitilraun þar sem fólk kynnist án þess að fá að sjá hvort annað þar til kynningarferlinu er lokið en þá aðeins ef karlmaðurinn ber upp bónorð. Síðan er fylgst með þörunum upp að altarinu.

margret@frettabladid.is

Önnur seria þáttanna rann sitt skeið nýlega en Ragnheiður Bjarmann Eiríksdóttir hjúkrunarfræðingur er einn þeirra fjölmörgu Íslendinga sem hefur háhorft á þættina.

„Mig grunar að þættirnir fullnægi einhvers konar gægjuþörf sem kúrir innra með okkur og er stundum dálítið erfitt að gangast við. Að minnsta kosti framkalla þættirnir mjög sterkar tilfinningar eins og kjánahroll, spennu og líklega ákveðinn skammt af þórðargleði,“ segir Ragnheiður.

Rauðu flöggin

„Kannski upplifum við okkur sjálf í jákvæðu ljósi við samburðinn. Það verður athyglisvert að sjá hvernig við munum lita á svona sjónvarpsefni eftir tíu eða tuttugu ár, kannski verður síðferðiskennd okkar búin að færast eitthvað til og við gjör-samlega gattuð á að þetta skyldi vera gert yfir höfuð.“

Hinn almenni áhorfandi ætti að verða var við mörg rauð flögg í samskiptum paranna í þáttunum, sum jafnvel þannig að í raunveruleikanum yrðu stefnumótin aldrei fleiri en eitt.

Hvernig sérðu framtíð paranna með tilliti til þessa?

„Óff, já, það er sko enginn skortur á rauðum flöggum í þáttunum. Kannski er það ein ástæða fyrir því að mér finnst þetta frábært sjónvarpsefni að horfa á með átján ára dóttur minni. Nákvæmur leiðarvísir um það sem ber að varast.“

Fyrir mig sem geðhjúkrunarfræðing og DAM-meðferðaraðila er þetta algjör gullnáma. Ég drekk í mig hegðun þátttakendanna, samspilið og samtölin. Helst vildi ég geta innritað nokkra úr hópnum í DAM-meðferð þar sem meðal



Ragnheiður Bjarmann Eiríksdóttir, kynfræðingur með meiru, litur á þættina Love is Blind sem ágætis leiðarvísir um hvað eigi ekki að gera í tilhuglafi og samböndum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Shake reyndi að sveigja reglurnar. MYNDIR/NETFLIX

annars er farið vel í tilfinningastjórnun og samskiptafærni,“ segir Ragnheiður og heldur áfram:

Mikið verk að vinna

„Ég held að þörin sem sögðu já og giftust í lok annarrar seríu eigi talsvert verk fyrir höndum ef þau ætla að láta sér líða vel í hjónaböndunum. Sambönd byggja svo mikið á málamiðlun, eins og við sáum til dæmis með búningasjúka maximalistann Danielle sem flutti inn til snyrtipinnans Naumhyggju-Nicks.“

Jarrett og Iyanna eru líka afskaplega ólík og virðast hafa mjög misjafnar þarfir fyrir félagsskap annarra. Það verður líklega þeirra stærsta verkefni.

Hvað hin varðar held ég að ekkert þurfi að óttast einveru í framtíðinni. Þau eru búin að vera í sjónvarpi, fjandinn hafi það!“

Geta einhleyppir lært eitthvað af þessum þáttum?

„Já, það er ég viss um. Kannski einmitt mest um það hvernig EKKI



Eftir fyrsta þáttinn hrópaði ég húrta því ég sá eina eða tvær feitar manneskjur.

á að gera hlutina. Samt er ég ekki alveg réttlát þarna, því stundum fáum við að sjá falleg samtöl þar sem þörin leyfa sér að vera viðkvæm og berskjölduð, og ná að vaxa og byggja upp traust.“

Ástin er ekki blind

En er þetta alvöru tilraun ef öll eru á sama aldri, innan mjög takmarkaðra fegurðarstaðla þar sem enginn er með fötlun og feita fólkid birtist bara í fyrsta þætti og síðan ekki söguna meir?

„Eftir fyrsta þáttinn hrópaði ég

húrta því ég sá eina eða tvær feitar manneskjur, en eins og þú bendir á voru þær snarlega teknar úr umferð. Deepti og Danielle voru fyrrverandi feitar, og það var aldeilis búið til drama úr því,“ segir Ragnheiður og hugsar sig aðeins um. „En þrátt fyrir blæbrigðamun í bakgrunni og húðlit virtist þetta fólk ósköp svipað.“

Er ástin blind?

„Nei, það held ég ekki. Ég hef lesið um alls konar atferlistilraunir þar sem komið hefur fram að við erum ótrúlega fljót að ákveða hvort við löðumst að einhverjum eða ekki. En í öllum tilfellum með því að vera í nálægð við hina manneskjuna.“

Við getum hins vegar verið blind á alls konar hluti sem tengjast ástinni og kannski sáum við það í þáttunum.

Fólk var sett í mjög óeðlilegar aðstæður, einhvers konar ástarhraðal sem gæti svo sem orðið ein leið, til viðbótar við aðrar leiðir sem fólk notar til að para sig saman.“ ■



Shane þótti veifa fullmörpum rauðum flöggum.

Þrjú tonn af apaskít og nammibjóðin fær ekki nóg

toti@frettabladid.is

Lakkrisfraudið Soft-Sally frá þýska sælgetisframleiðandanum Haribo, sem er þekktara hér á landi sem „apaskíturinn“, er komið aftur í umferð eftir fjögurra ára hlé. Íslenskir sælgetisgrísir þykjast því fjölmargir hafa himin höndum tekið eins fagnaðarlæti þeirra bera með sér á Facebook.

„Danól er með umboðið fyrir Haribo á Íslandi og allt frá þeim berst hingað í gegnum Danmörku og Sally-Soft, eða „apaskítur“ eins og landinn þekkir þetta, hætti í sölu 2018,“ segir Snorri Valur Steindórsson, vörumerkjastjóri Haribo.

Snorri segir ákveðnar áskoranir í framleiðslu „apaskítsins“ hafa spilað þarna inn í en fyrst og fremst hafi minnkandi neysla í Danmörku ráðið því að framleiðslu Sally-Soft var hætt.

„Við erum auðvitað alltaf háð því sem gerist í landi frænda okkar en



Snorri Valur Steindórsson, vörumerkjastjóri hjá Danól

við vorum að selja um þrjú tonn af þessu á ári í nammibörum þannig að það var auðvitað alveg rosalegt högg fyrir okkur þegar við misstum þetta,“ segir Snorri og bætir við að íslenskir neytendur hafi ekki tekið þessu þegjandi og fyrirspurnum hafi rignt yfir fyrirtækið 2018 og í raun allar götur síðan.

Hann segir heildsöluna hafa áframsent allar þessar umkvartanir til Haribo. „Við erum auðvitað svo lítil markaður en þeir vildu allt fyrir okkur gera ef magnið væri nógu mikið,“ heldur Snorri áfram og bendir á að staðan hefði ef til vill

verið önnur ef þjóðin teldi 1,3 milljónir en ekki 360 þúsund.

Það er svo ekki fyrr en nýlega að fór að rofa til en Snorri segir Sally-Soft greinilega eina af þessum vörum sem hafi tilfinningalegar tengingar og Haribo hafi verið að hlusta á neytendur sína í Danmörku með þessum ánægjulegu áhrifum.

„Við Íslendingar eigum alveg þátt í þessu og við getum sagt að eftirspurn Norðurlandabúa varð til þess að varan er komin aftur.“

Mjúkur skítur

Apaskíturinn hefur verið mikið til umræðu í Facebook-hópnum Nammitips! og Ég man eftir... þar sem gleðin er almennt við völd þótt einhverjir finni að því að apaskíturinn sé aðeins of mjúkur og ekki alveg eins og hann var áður.

„Við vitum ekki betur en þetta sé bara sama formúlan en ég man ekki til þess að þetta hafi verið í pokum áður,“ segir Snorri og minnir



Ef pokinn stendur opinn þykir „apaskíturinn“ verða eins og hann var.

á að Sally-Soft hafi verið upphaflega verið vinsælt sem „bland í poka“ og síðar í nammibörum verslana.

„Ég sá einhvern benda á alveg réttan punkt á Nammitips! sem er

að ef þú leyfir pokanum að standa opnum í einn til tvo daga þá verður þetta alveg eins og þetta gamla var. Þetta var svona nammibarsvara og komst þannig í snertingu við súrefni,“ segir Snorri og lætur fljóta með að apaskíturinn ætti að vera kominn aftur í nammibarina seinna á þessu ári.

Hann segir Sally-Soft vera komið í Krónuna og Nettó og nú sé unnið að því að koma fornfrægu nammínu í aðrar verslanir. Þá segir hann þá áköfustu ekki eiga að þurfa að hafa áhyggjur af skorti en vissulega sé hætt á því að apaskíturinn seljist upp einhvers staðar.

„Eftirspurnin í Danmörku er líka meiri en við bjuggumst við þannig að við höfum ekki fengið allt það magn sem við hefðum viljað sem er bara jákvætt,“ segir Snorri og bendir á að eðli málsins samkvæmt minnki líkurnar á því að framleiðslunni verði hætt aftur eftir því sem fleiri vilji kaupa þetta áfram. ■

Marstilboð

30% afsláttur

af Dondola skrifborðsstólum

PÝSK HÖNNUN · EINSTÖK GÆÐI

wagner



EINU STÓLARNIR MED
Dondola
360° VELTITÆKNI



Ergo Medic

VERÐ NÚ
159.900 kr.

LISTAVERÐ ÁÐUR
229.900

W1

VERÐ NÚ
139.900 kr.

LISTAVERÐ ÁÐUR
199.900 kr.

FAGAÐILAR MÆLA
MED WAGNER



Elís Þór Rafnsson
sjúkrálfari



- 3 Minnisstillingar
- Skjár sem sýnir hæðina í cm
- Hægt að stilla inn neðstu og hæstu hæð
- Barnalæsing
- Stíllanleg árekstrarvörn

www.hirzlan.is

H2 rafmagnsborð

30% afsláttur

Margar stærðir
og margir litir í boði

TILBOÐSVERÐ FRÁ
83.900 kr.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN



RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Verslun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Lager opinn
mán-fim 13:00-17:00
og föstudaga 13:00-16:00.

Síðumúla 37
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is



FIMM STJÖRNU LÚXUS HÓTEL RÚM
– HEIM TIL ÞÍN –

SERTA SPLENDID ROYAL

FIMM STJÖRNU STILLANLEGT RÚM MEÐ HÖFÐAGAFLI

SETTU ÞIG Í STELLINGAR FYRIR BETRI SVEFN

MEÐ ÞVÍ EINU AÐ SNERTA TAKKA GETUR ÞÚ STILLT
RÚMIÐ Í HVADA STELLINGU SEM ÞÉR HENTAR

SPLENDID ROYAL heilsurúmið er virkilega vandað rúm sniðið að þínum þörfum. Botninn er fjaðrandi (box-spring) samsettur úr 20 cm háum gormum sem gefa rúminu enn meiri þægindi og lagar það fullkomlega að þér.

Splendid Royal heilsudýnan frá Serta er pokagormadýna skipt upp í fimm mismunandi svæði.

Gormakerfið er með þéttari stuðning við bak og mjaðmasvæði en mýkri við axlir. Þannig tryggir þú rétta svefnstillingu hver sem svefnstaða þín er og hjálpar þér að ná dýpri og betri svefn. Hægt er að velja um tvo stífleika, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum.


Yfirdýnan er millistíf heilsudýna sem vinnur á einstakan hátt með fjöðrunarkerfinu í dýnunni. Höfuðgaflinn er fagaður og stílhreinn. Hægt er að fá náttborð og bekk í stíl við rúmið, hvort tveggja er selt sér.



Náttborð á mynd er ekki innifalið í verði.

15% afsláttur – Ocean Splendid stillanlegt 160 x 200 cm (Botn, fætur, dýna, yfirdýna og Ocean gafl) Fullt verð: 649.900 kr.

Fullt verð: 552.415 kr



NÓTT FYRIR TVO Á HILTON

Nú fylgir nótt fyrir tvo á Hilton, ásamt morgunverði og aðgangi að Spa, kaupum á Serta 5 stjörnu hótélrumi.

Verðmæti: 38.900 kr.



VEFVERSLUN

www.betrabak.is

OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566



FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING
á Hringbraut



Lilja Sigurðardóttir beygði út af glæpabrautinni fyrir Storytel og hitti þá fyrir sjálfan Ernest Hemingway í leikaranum Erni Árnasyni sem talar fyrir rithöfundinn ógæfusama í hljóðvarpsþáttinum um 100 óhöpp hans. MYND/ADSEND.

Hrakfarir Hemingways

Bandaríski rithöfundurinn Ernest Hemingway og þá helst ótrúleg óheppni hans lokkaði Lilju Sigurðardóttur út af glæpabrautinni þegar hún ákvað að rekja 100 óhöpp Hemingways í tíu hljóðvarpsþáttum fyrir Storytel þar sem Örn Árnason bregður sér í hlutverk hrakfallabálsins goðsagnakennda.

toti@frettabladid.is

„Ég elska Hemingway,“ segir rithöfundurinn Lilja Sigurðardóttir og hlær dátt þegar hún er spurð hvort hún hafi verið með bandaríska rithöfundinn Ernest Hemingway á heilanum lengi. „Ég hreifst af bókunum hans bara sem unglingur og svo hef ég alltaf verið að lesa meira og meira um hann,“ heldur Lilja áfram og bendir á að enginn skortur sé á bókum hvorki um höfundinn sjálfan né verk hans.

„En það er einhvern veginn einn þráður í ævi hans sem mér finnst svo áhugaverður og hefur ekki endilega verið mikið skrifað um sem er þessi furðulega óheppni hans,“ segir Lilja, sem er einna þekktust fyrir glæpasögur sínar en hefur nú gert hrakförum Hemingways skil í tíu þátta hljóðvarpsþáttum sem er sú fyrsta sinnar tegundar á Storytel þar sem sjálfur Örn Árnason bregður sér í hlutverk Hemingways.

Örn Hemingway

„Örn Árnason er sko bara alveg frá-



Þessi óhappasaga hans er samt svo fáránlega ótrúleg að maður þarf ekki neitt að skálda inn í það.

bær í þetta hlutverk. Erni tekst þetta rosalega vel og það var mjög gaman að vinna með honum. Hann er náttúrlega ofboðslega flinkur leikari og svo er röddin hans einhvern veginn hlý og falleg og passar rosalega vel inn í þetta,“ segir Lilja. „Hann hefur þessa dýpt og líka þessa aldursbreidd þannig að hann getur einhvern veginn túlkað Hemingway alveg frá því að hann er ungur þangað til hann er orðinn gamall maður. Eða hann varð náttúrlega ekkert rosa gamall. Hann dó 61 árs,“ segir Lilja og snýr sér aftur að kjarna málsins.

„Maðurinn var auðvitað alltaf fullur og ástundaði mikla áhættu- hegðun. Var alltaf að veida með byssum og eitthvað svona en öll þessi óhöpp voru ekkert endilega alltaf öll honum að kenna. Hann var einhvern veginn bara svo oft á röngum stað og röngum tíma. Þetta verður svo yfiringilega mikið að þetta er pinulítið næstum því eins

og bölvun,“ segir Lilja og bætir við að hana hafi lengi langað að rekja þennan þráð frekar.

Sjálfsagt skáldaleyfi

Hún hafði oft hugsað hvernig hún geti gert þessu efni skil og segist hafa látið slag standa þegar hún sá fyrir sér að efnið gæti fallið vel að hljóðmiðlinum sem hefur verið í mikilli sókn undanfarið.

„Storytel hefur lengi verið að biðja mig um að gera eitthvað skemmtilegt efni og þannig small þetta einhvern veginn saman. Af hverju geri ég ekki bara eitthvað um Hemingway? Við vitum ekki alveg hvað á að kalla þetta. Þetta var kall- að svona fléttuþáttur í gamla daga og þetta er svolítið svoleiðis hjá mér.

Ég segi frá lífi hans og svo koma leikarar inn og það eru leiknir kaflar og leikin samtöl og svo eru ákveðnir hlutar sem ég skálda bara sem eru svona frá sjónarhorni Hemingways eins og ég ímynda mér að hann hafi séð hlutina.“

Lilja segist þarna njóta þess að vera hvorki sagn- né bókmennta- fræðingur og rithöfundur hafi að sjálfsögðu skáldaleyfi. „Maður getur ímyndað sér og sett sig í sporin og leyft sér aðeins að fylla inn í. Þessi óhappasaga hans er samt svo fáránlega ótrúleg að maður þarf ekki neitt að skálda inn í það og ég er svona kannski frekar svona að ímynda mér hans viðhorf til þess arna. Og það var svolítið gaman og þetta kemur skemmtilega út þótt ég segi sjálf frá.“ ■

Mannréttindi á þýskum dögum

ninarichter@frettabladid.is

Þýskir kvikmyndadagar hefjast í Bíó Paradís á föstudaginn og standa til 20. mars. Hátíðin er nú haldin í 13. skipti og er jafngömul starfseminni í húsinu.

Gamanmyndin margverð-launaða Ich bin dein Mensch eftir Mariu Schrader fjallar um konu sem ákveður að búa með vélmanni sem á að vera hinn fullkomni karlmaður.

„Það eru yfirleitt fáar kvikmyndir á hátíðinni, aðeins fimm til sex, þannig að dagskráin er viðráðanleg. Þemað í ár er mannréttindi sem við höfum valið í ljósi aðstæðna í heiminum,“ segir Ása Baldursdóttir, dagskrárstjóri Bíó Paradísar.

„Þetta er þema sem okkur langaði mjög lengi að nota,“ segir hún og bendir á að það eigi sérstaklega



Ása Baldursdóttir, dagskrárstjóri í Bíó Paradís

við vegna ástandsins í Úkraínu. Hún nefnir síðan tvær myndir, Dear future children og The Ant and the grasshopper, sem falla fullkomlega að þemanu en aðgangur er ókeypis á þessar myndir og allir velkomnir.

„Það stingur kannski í stúf að þessar myndir séu á ensku, en báðir leikstjórnarnir voru með það að markmiði að hafa efnið sem aðgengilegast, auk þess eru persónur og leikendur ekki þýskir,“ útskýrir Ása.

„Fólk býst bara við þýskum gæða-

kvikmyndum í mars. Dagskráin hefur alltaf verið þverskurður af því besta í þýskum kvikmyndum það árið,“ segir Ása um hátíðina og bendir á að stjórnenndur hátíðarinnar fari á Berlinale-hátíðina á hverju ári til að fylgjast með því ferskasta í þýskri kvikmyndagerð. „Við sjáum alltaf það nýjasta og erum mjög með puttann á púlsinum þarna.“

Ása segir að sin uppáhalds kvikmynd á hátíðinni sé Grosse Freiheit. „Hún fjallar um mann sem er fangelsaður stuttu eftir síðari heimsstyrjöld, fyrir samkynhneigð, en þá var bannað með lögum að vera samkynhneigður. Myndin er rosalega flott og falleg og fellur vel að þema okkar um mannréttindi,“ segir Ása sem fer nánar yfir það sem segja má að einkenni þýska kvikmyndagerð dagsins í dag. ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is FÓLK/ SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

SAMSUNG NeoQLED Q85A

Stærð 75" á tilboði - kr. 399.992,-



SAMSUNG NeoQLED Q85A

Stærð 65" á tilboði - kr. 295.992,-



SAMSUNG CRYSTAL UHD 8005

Stærð 65" á tilboði - kr. 143.992,-



SAMSUNG CRYSTAL UHD 8005


Stærð 55" á tilboði - kr. 107.920,-



SAMSUNG Soundbar Q710A

Soundbar á tilboði - kr. 79.920,-

ORMSSON



Gerum gott saman til framtíðar!

Ábyrg framleiðsla

Við hjá Nóa Síríusi erum það lánsöm að hafa verið samferða þjóðinni í rúm hundrað ár og súkkulaðið okkar hefur löngum verið hluti af gleðistundum hennar. En þar sem það er víst ekki heiglum hent að rækta kakóbaunir hér á norðurhveli jarðar þá eru kakóbaunirnar sem verða að uppáhalds súkkulaðinu þínu ræktaðar á Fílabeinsströndinni.

Framleiðslu í fjarlægum heimshluta fylgir mikil ábyrgð og rétt eins og við leggjum kapp



Bændum er hjálpað við það verkefni að auka fjölbreytileika uppskerunnar og nýta land sitt betur.

á að tryggja okkar eigin starfsfólki gott vinnu-umhverfi, þá viljum við stuðla að bættum lífskjörum kakóbænda og kakóræktarsamfélaga. Með því erum við hluti af því verkefni að tryggja sjálfbærni kakóræktunar til framtíðar og komum í veg fyrir beiskt eftirbragð misnotkunar á vinnuafli og slæmrar umgengni við náttúruna.

Betri heimur með hverjum bita

Þannig gleður þú ekki bara bragðlaukana þegar þú færð þér uppáhalds Síríus súkkulaðið þitt, þú bætir líka heiminn örlítið með hverjum bita. Frá árinu 2013 hefur uppáhalds Síríus súkkulaðið þitt nefnilega verið vottað af samtökum sem nefnast Cocoa Horizons. Það þýðir að kakóhráefnið í súkkulaðið er ræktað á ábyrgan hátt með sjálfbærni að leiðarljósi.



Cocoa Horizons samtökin hafa staðið að valdeffingu kvenna á þeim svæðum þar sem þær stunda kakórækt.



Allt kakóhráefni í Sírius súkkulaðið þitt er ræktað á ábyrgan hátt með sjálfbærni að leiðarljósi

Fyrir umhverfið

Bændur eru aðstoðaðir við að auka fjölbreytileika uppskerunnar og nýta land sitt betur. Það er mjög mikilvægt því gamaldags ræktunaraðferðir ýta undir einhæfa flóru og draga úr frjósemi jarðvegsins. Þetta veldur því að sækja þarf á nýjar lendur og oft eru það regnskógarnir sem þurfa að víkja í þessari leit að nýju ræktarlandi. Umhverfisáhrifin af þróaðri ræktunaraðferðum eru því afar jákvæð þar sem þau draga úr eyðingu regnskóga og ýta undir fjölbreyttara lífríki á svæðinu. Hráefnið í súkkulaðið þitt er þannig framleitt á eins umhverfisvænan hátt og kostur er.

Í sátt við samfélagið

Lífsafkoma fjölskyldna á kakóræktarsvæðunum er viðkvæm, enda atvinnustarfsemin einhæf og hefur verið fyrst og fremst í höndum karla. Þessu viljum við breyta. Þannig hefur valdefling kvenna á kakóræktarsvæðum verið sett á oddinn, m.a. í því skyni að stuðla að auknu öryggi í tekjuöflun heimila. Annað mikilvægt atriði þegar kemur að lífsgæðum er menntun en í dag gengur um helmingur barna á svæðunum í skóla. Efling skólstarfs hefur þegar skilað miklum árangri og stefnan er sett enn hærra.

Auk ofangreindra atriða má nefna verkefni sem tryggja öruggara neysluvatn og bætt aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Þú getur því verið viss um að hráefnið í þitt Sírius súkkulaði var búið til í sátt við samfélagið með það að markmiði að auka almenn lífsgæði.



Þegar kemur að nærsamfélaginu þá vinna samtökin náð með samfélögum kakóbænda til að auka almenn lífsgæði.



Kakóhráefnin í súkkulaðið frá Nóa Sírius eru ræktað með sjálfbærum hætti á Fílabeinsströndinni.

Augljós uppruni

Nei, þetta er ekki of gott til að vera satt. Nýjasta tækni sér til þess að við getum rakið baunirnar til ákveðinna kakóræktarsamfélaga sem tryggir að hráefnið sem fer í allt Nóa súkkulaði er vottað. Cocoa Horizons eru sjálfstætt starfandi samtök sem eru með höfuðstöðvar í Sviss en þarlend stjórnvöld sjá um árlega úttekt á störfum þeirra og framvinduuskýrslum.

Enn betra súkkulaði

Þú átt þá kröfu að það hráefni sem fer í uppáhalds súkkulaðið þitt sé ræktað við mannúðlegar aðstæður sem ógna ekki lífríki jarðar. Hafðu það í huga næst þegar þú færð þér bita af gómsætu Sírius súkkulaði – við erum sannfærð um að það muni smakkast jafnvel enn betur.



NS
NÓI SÍRÍUS



Bakþankar



Önnu Sigrúnar
Baldursdóttir

Núna

Þau sem þekkja sorg og missi þekkja sömuleiðis takmarkaða þolinmæði samfélagsins fyrir þeim tilfinningum. Sá sem fyrir missi verður finnur gjarnan almennan og umlykjandi faðm samfélagsins í kjölfar missis, en smám saman snjóar yfir það og syrgjandinn situr eftir með sorgina og jafnvel óþolinmæði samfélagsins gagnvart afleiðingunum. Það meina fæstir illt með þessu skilningsleysi sínu, svona er þetta bara – fólk vill aftur í normið.

Þetta gildir um hvaða áföll sem er. Margir minnst deilna um fjárstuðning við þá sem misstu allt sitt í Vestmannaeyjagösinu og raunar hinum hörmulegu snjóflóðum austan lands og vestan einnig.

Sama gildir þegar hinn almenni og umlykjandi faðmur nær utan um hörmungar þjóða eða þjóðarbrot. Núna tendrum við ljós, lýsum Hörpuna bláa og gula, söfnum peningum og mætum á mótmælafundi. Það er bæði fallegt og mikilvægt. Við finnum til með þolendum náttúruhamfara og styrjaldrátaka, nær og fjær en staðreyndin er sú að samkennd nær bara yfir tiltekinn tíma. Það grípur okkur samúðarþreyta. Þá viljum við hverfa aftur til almenns dægurþrass og ræða áfengi í matvöruverslanir eða annað áfengi. Við höfum mismunandi þol og seiglu því staðreyndin er sú að allt hefur sinn tíma, samhygðin, fjárfafnanir og samstöðufundir líka.

Þetta er margsannað og margreynt og ástæðulaust að hneykslast á þessu eða á lasa fólki. Þetta er mannlegt. Verkefnið er að nýta tækifærið meðan það er. Stjórnvöld þurfa að ganga ákveðið til verks núna og skuldbinda sig strax til viðamikils stuðnings við flóttafólk frá Úkraínu og draga það ekkert. Eftir sex mánuði verður það of seint. ■



**pappír
umhverfið
prentun**



LITRÓF
UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is



Beðið eftir sumri

Verslaðu á [66north.is](https://www.66north.is)
Fylgdu okkur á Instagram [@66north](https://www.instagram.com/66north)